

**Háskólinn á Akureyri
Hug- og félagsvísindasvið
Kennaradeild
Leikskólabraut
2010**

**Hver eru markmið og aðferðir í músikþerapíu og
tónlistarkennslu á leikskólum?**

Eru þau að einhverju leyti samræmanleg?

**Ásta Sigfúsdóttir og Linda Pálína Sigurðardóttir
Lokaverkefni**

**Háskólinn á Akureyri
Hug- og félagsvísindasvið
Kennaradeild
Leikskólabraut
2010**

**Hver eru markmið og aðferðir í músikþerapíu og
tónlistarkennslu á leikskólum?**

Eru þau að einhverju leyti samræmanleg?

**Ásta Sigfúsdóttir og Linda Pálína Sigurðardóttir
Leiðsögukenndi: Guðmundur Engilbertsson / Soffía Fransíska Rafnsdóttir
Lokaverkefni til 180 eininga B.Ed.-próf**

„Við lýsum því hér með yfir að við einar erum höfundar þessa verkefnis og að það er ágóði eigin rannsókna“

Ásta Sigfúsdóttir

Linda Pálína Sigurðardóttir

„Það staðfestist hér með að lokaverkefni þetta fullnægir að mínum dómi kröfum til B.Ed.-prófs í kennaradeild hug- og félagsvísindasviðs HA“

Guðmundur Engilbertsson

Soffía Fransíska Rafnsdóttir

Útdráttur

Viðfangsefni verkefnisins er að skoða markmið og aðferðir tónlistarkennslu á leikskólum og markmið og aðferðir músikþerapíu og hvort þessar greinar samræmist með einum eða öðrum hætti. Starfsgreinin músikþerapía verður kynnt og áherslur tónlistarstarfs í leikskólum verða einnig kynntar.

Hugmyndir frumkvöðla í leikskólastarfi og tónlistarstarfi eru ekki svo ólíkar, þeir eru allir á þeirri skoðun að tónlistaruppeldi sé mikilvægt fyrir þroska barna á einn eða annan hátt. Barn er ekki fætt með tónlistargáfu heldur er tónlistin eitthvað sem barnið þroskar og þróar eftir því hvernig örvun það fær í uppeldinu. Í *Aðalnámskrá leikskóla* segir að leggja skuli áherslu á að öll börn í leikskóla fái ríkuleg tækifæri til að iðka og njóta fjölbreyttrar tónlistar. Þá er lögð sérstök áhersla á hlustun, söng, hreyfingu og leik með hljóðgjafa. Hvernig eru leikskólar að sinna því?

Leitast verður við að svara rannsóknarspurningunni: „Hvert eru markmið og aðferðir í músikþerapíu og tónlistarkennslu á leikskólum? Eru þau að einhverju leyti samræmanleg? Einnig verður reynt að svara spurningunni með því að skoða námskrár leikskólanna Hörðuvalla, Stekkjaráss og Urðarhóls. Tekin voru viðtöl við Birte Harksen tónlistarkennara leikskólans Urðarhóls og viðtal við músikþerapistann Jónu Þórsdóttur en hún starfar á Tónstofu Valgerðar.

Niðurstöður sýna að þessar starfsgreinar eiga margt sameiginlegt bæði hvað varðar aðferðir og efnivið, einnig eru hluti námsgreina sameiginlegar í þessum starfsstéttum. Músikþerapía ætti vel heima á öllum leikskólum því hún getur nýst bæði starfsfólki og börnum.

Abstract

The scope of this paper is to look into the objectives and methods used in music education in preschools on one hand and on the other the objectives and methods of music therapy and see if those two have something in common. The job of a music therapist will be explained along with what is considered important when teaching music in preschools.

The ideology of those considered at the forefront of both music and teaching for preschools are not so different, they all agree on that an education in music is important in a child's development in one way or another.

A child is not born with the gift for music, but instead it is something that grows from within depending on the nurturing the child receives during its upbringing. The preschool national curriculum states that every child should have ample opportunities to perform and enjoy all kinds of music. Especially listening, moving with the music and playing with musical instruments. How are the preschools fulfilling those objectives?

The paper also tries to answer the research question, what are the objectives and methods of music therapy and music education in preschools? Do these objectives and methods have something in common and can we in any way combine those two?

To find an answer we will look at the curriculum for the following preschools, Hörðuvellir, Stekkjarás and Urðarhól. We will also interview Birte Harksen a music teacher at the Urðarhóll preschool and also interview Jóna Þórsdóttir a music therapist at Tónstofa Valgerðar.

The conclusions are that those two professions have much in common, especially regarding the methods and the materials used. We also conclude that music therapy can be useful and benefit both children and staff at preschools.

Þakkarorð

Við viljum þakka öllum þeim sem komu að þessari ritgerð með einum eða öðrum hætti. Einnig viljum við þakka fjölskyldum okkar og vinum fyrir sýnda þolinmæði og alla þá aðstoð sem þau veittu okkur.

Við þökkum Soffíu Fransisku fyrir allar bækurnar sem hún lánaði okkur og við hefðum ekki getað nálgast á annan hátt.

Efnisyfirlit

1 Inngangur	2
2 Rannsóknarspurningar og hugtakaskilgreiningar	3
2.1 Skilgreining á hugtökum	4
3 Músikþerapía	5
4 Frumkvöðlar í notkun tónlistar í leikskólastarfi	9
4.1 Maria Montessori (1870-1952).....	9
4.2 Reggio Emilia	10
4.3 Howard Gardner (1943-).....	12
4.4 Shinichi Suzuki (1898-1998).....	12
4.5 Carl Orff (1895-1982).....	13
4.6 Zoltán Kodály (1882-1967).....	14
4.7 Samanburðartafla	14
5 Aðferðir og markmið músikþerapíu	16
5.1 Inngangur að viðtölum	16
5.1.1 Viðtal v/Jónu Þórsdóttur músikþerapísta	17
5.1.2 Viðtal v/Birte Harksen tónlistarkennara	20
5.2 Samanburðartafla	24
6 Aðferðir og markmið tónlistarstarfs á leikskólum	25
6.1 Söngur	25
6.1.1 Hreyfing og hrynjandi	26
6.1.2 Hljóðgjafar og hljóðfæri	26
6.1.3 Hlustun	26
6.2 Tónlist og leikur.....	27
6.3 Kassi Robert Faulkner.....	28
6.4 Leikskólinn Hörðuvellir	29
6.5 Leikskólinn Stekkjarás	30
6.6 Leikskólinn Urðarhóll	31
6.7 Samanburðartafla	32
7. Umræður	34
8 Niðurstöður	37
9 Lokaorð	38
Heimildaskrá	39

1 Inngangur

Lífið einkennist af hæðum og lægðum, sorg og gleði er eitthvað sem allir upplifa á lífsleiðinni. Eitt af því sem hægt er að nota til að vinna úr ýmiss konar reynslu er músikþerapía sem getur verið gagnleg, þó fólk eigi ekki við nein sértæk andleg eða líkamleg vandamál að stríða (Jóna Þórsdóttir, munnleg heimild, 13. apríl 2010).

Flest eigum við okkar upplifun og reynslu, sumu þarf að vinna úr en öðru ekki. Það fer eftir því hversu mikil áhrif reynslan hefur á okkur hvort við þurfum að vinna úr henni en oft kemur það ekki í ljós fyrr en síðar að reynslan hefur markað okkur á einhvernt þann hátt sem við sáum ekki fyrir.

Okkur þótti forvitnilegt að prófa hugmyndafræði músikþerapíu þegar við fórum að ræða um tilfinningar og erfiða lífsreynslu. Önnur okkar settist við píanóið og fór að fíkta sig áfram, smám saman fór að móta fyrir lagi, laglína viðlagsins kom fyrst, síðan bættust hljómar við og þannig kom þetta koll af kolli, fyrst hljómagangur lagsins og svo laglína þess. Þó að önnur okkar hafi þekkingu á sviði tónlistar, þá ákváðum við að nýta heldur það sem við lærðum í tónlistaráfanga (LIT0155) haustið 2008 í Háskólanum á Akureyri, hjá Michael Jóni Clarke og Sigurlínu Stefánsdóttur, en þau fóru yfir grunnatriði þess að semja lag.

Þegar lagið sjálft var tilbúið var farið að huga að texta, hugsað var um fortíðina og eftir örskamma stund var textinn kominn og honum fylgdu líka miklar tilfinningar.

Textinn kemur frá innstu hjartarótum og felur í sér hluti sem hafa ekki verið færðir í orð og jafnvel erfitt er að orða. Þetta var ótrúleg lífsreynsla sem sýndi okkur að tónlistin er öflugt tæki þegar unnið er með tilfinningar fólks. Andleg líðan okkar skiptir gríðarlega miklu máli þar sem hún getur einnig haft áhrif á líkamlega líðan okkar.

Kunnátta í tónlist er ekki nauðsynleg til þess að vinna með músikþerapísta, vinna við lag er eitthvað sem allir geta gert og þeir sem ekki hafa grunnkunnáttu í tónlist geta fengið aðstoð. Músikþerapistar aðstoða við það að búa til lag og texta, því fylgir mikil tilfinningalegútrás að búa til svona lag og það er ekki útkoman sem skiptir máli heldur ferlið sjálft. Tilfinningarnar sem losnar um þegar talað er um reynsluna sem verið er að vinna með og búinn er til texti og lag til að tjá þær er í raun afurðin.

Okkur þótti þetta svo mögnuð lífsreynsla að við fengum þá hugmynd að semja annað ljóð og þá eftir reynslu hinnar. Við settumst niður og fórum að tala um þessa lífsreynslu og þá spruttu fram minningar og í kjölfar þeirra kom textinn, þetta tók svo á okkur að við settumst niður og brustum báðar í grát.

Þegar ljóðið var tilbúið þá var sest við píanóið og búinn til hljómagangur og laglína, þegar því var lokið þá losnaði um enn meiri tilfinningar og héldum við því áfram að gráta. Við vorum alveg sammála um það að þetta hafi verið einstök lífsreynsla. Það er ekki á hverjum degi sem við setjumst niður og grátum með annarri manneskju og hvað þá yfir löngu liðnum atburðum.

Þetta segir okkur enn og aftur hvað tónlistin getur verið mögnuð, þessi stund gaf okkur ótrúlega mikið og höfum við ákveðið að láta lögin fylgja með ritgerðinni á geisladisk. Þó svo að við séum ekki lærðir músikþerapistar þá nýttum við okkur hugmyndir þeirra og það sem við höfðum lesið okkur til.

Þetta varð kveikjan að því að við vildum skoða betur hvort aðferðir músikþerapíu og músikþerapista samrýmdist aðferðum tónlistarkennslu á leikskólum.

Við munum byrja á því að fjalla um rannsóknarspurninguna og skilgreina svo nokkur megin hugtök sem við notum í ritgerðinni. Því næst fjöllum við um músikþerapíu, upphaf hennar sem starfsgreinar, fyrsta íslenska músikþerapistann og þann músikþerapista sem lengst hefur starfað á Íslandi. Þar á eftir fjöllum við um nokkra frumkvöðla í tónlistarstarfi með börnum. Þá kemur umfjöllun um markmið og aðferðir músikþerapíu og viðtal við músikþerapista. Næst verður fjallað um markmið og aðferðir tónlistarkennslu í leikskólum og fjöllum við lítillega um þrjá leikskóla. Á einum þeirra er unnið þróunarstarf í tónlist og þótti okkur því forvitnilegt að taka viðtal við þann tónlistarkennara.

Þar sem að nám barna fer að svo miklu leyti fram í gegnum leik þá þótti okkur ástæða að skoða tónlist og leik, þessum kafla lýkur svo á samantekt sem við settum upp í töflu. Þar næst berum við saman músikþerapíuna og tónlistarkennslu í leikskólum og á eftir kemur umræðukafli, þá niðurstöður og að síðustu lokaorð.

2 Rannsóknarspurningar og hugtakaskilgreiningar

Við völdum okkur rannsóknarspurningu sem okkur fannst bæði krefjandi og áhugaverð. Ástæðan fyrir því að við ákváðum að taka þetta efni fyrir var að við höfðum heyrt margt jákvætt um músikþerapíu en komumst að því að hvorki var til mikið eða aðgengilegt efni um hana. Rannsóknarspurningar eru eftirfarandi: *Hver eru markmið og aðferðir í músikþerapíu og tónlistarkennslu á leikskólum? Eru þau að einhverju leyti samræmanleg?*

Hér á eftir verður leitast við að svara þessum spurningum með því að skoða aðalnámskrá leikskóla auk aðalnámskráa leikskólanna Hörðuvalla, Stekkjaráss og Urðarhóls. Við munum leggja í rannsóknarvinnu á frumkvöðlum leikskóla- og tónlistarstefna. Auk

Þess munum við taka viðtöl við tónlistarkennara og músikþerapista og skoða hvernig þeirra starf samræmast því efni sem við erum að vinna með.

2.1 Skilgreining á hugtökum

Þegar talað er um markmið músikþerapista er átt við þann árangur sem ætlast er til að náist hjá þeim einstaklingi sem unnið er með. Aðferðir eru þær leiðir sem nýttar eru til að ná fram markmiðinu. Í músikþerapíu er unnið að því að skjólstæðingur nái heilsu og eða betri líðan með því að vinna kerfisbundið með tónlist (Hanser, 1999, bls. 2).

Á heimasíðu Félags músikþerapista á Íslandi er músikþerapía skilgreind á eftirfarandi hátt:

Músikþerapía er skipulögð notkun tóna, hljóða og hreyfinga sem beitt er til að auka vellíðan eða endurnýja, viðhalda og þróa andlega og líkamlega heilsu og/eða getu.

Sérstök tón- og hljóð áreiti, eða eiginleikar og eðlisþættir tóna og hljóða og tengsl sem myndast í tónlistarreynslunni eru notuð af sérfræðingi í þeim tilgangi að ná settum markmiðum í meðferð, kennslu og endurhæfingu fólks sem á við líkamleg, andleg og félagsleg vandamál eða fötlun að stríða (Félag músikþerapista á Íslandi, e.d.).

Tónlistarkennari á leikskólanum er sá kennari sem nýtir sér tónlist í kennslu sinni. Hann gefur börnunum tækifæri á að njóta fjölbreyttrar tónlistar, prófa hljóðfæri, hreyfa sig við tónlist, fræðir þau um hljóðfærin og gefur börnunum kost á að tjá sig í gegnum tónlist. Áherslur í tónlistarkennslu eru þó mismunandi eftir kennara því bakgrunnur, nám og því um líkt er einstaklingsbundinn.

3 Músíkþerapía

Tónlist er hluti af lífinu, við sjáum það þegar við fáum lag á „heilann“, eða þegar við hreyfum fæturna í takt við tónlist. Jafnvel þegar okkur er ómögulegt að hreyfa okkur og tala eins og áður, höfum við alltaf þessa tónlist innra með okkur. Tónlistin hjálpar okkur að tjá okkur, líða vel og hún hreyfir við okkur (Hanser, 1999, bls. 1).

Áhrif tónlistar á sál og líkama hafa verið kunn frá því í fornöld, heimildir um lækningamátt tónlistar er að finna í mörgum samfélögum víða um heim. Við þurfum ekki að líta lengra en í *Biblíuna* til þess að sjá ritað um lækningarmátt tónlistarinnar eins og segir í 1. bók Samúels (Davíð kom til hirðar Sál).

Sál var haldinn illum anda frá Guði. Þjónar hans ráðlögðu honum að fá til sín mann sem gæti leikið á hörpu eða strengjahljóðfæri og þá myndi illi andinn frá Guði fara frá honum.

Menn Sáls fundu Davíð og Davíð lék á hörpu fyrir Sál þegar Sál leið illa. Sál fann að þegar Davíð lék á hörpuna leið honum strax betur (*Biblían*, Fyrri Samúelsbók, 16. kafli, vers 14-23).

Tónlist er hluti af umhverfi okkar og við tengjum minningar við tónlist hvort sem þær eru góðar eða slæmar. Við notum tónlist í gleði og sorg og við hin ýmsu tækifæri, það er sérstök tegund tónlistar sem notuð er við jarðafarir og í kringum sorglega atburði, en öðruvísi tónlist er notuð til dæmis í brúðkaupum og á öðrum gleðilegum stundum.

Hægt er að nota tónlist til þess að búa til stemningu eins og rólega tónlist til að hjálpa til við slökun, kröftug tónlist til þess að koma okkur í stuð og fá útrás og þar fram eftir götunum. Flestir eru músíkalskir og því ætti tónlist að hafa áhrif á og hreyfa við þeim. Músíkþerapía hentar öllum og er þá sama hvort og hvaða vandamál verið er að kljást við (Perla, e.d.).

Músíkþerapía hefur verið nýtt til þess að hjálpa fólki sem ekki getur eða vill tjá sig með orðum og tónlistin er þá notuð til þess að fá útrás fyrir tilfinningar sem hafa verið byrgðar inni. Músíkþerapistinn hefur vissa skynjun á því hvaða áhrif tónlistin hefur á skjólstæðinga hans, þetta er flókið ferli og fer alltaf eftir hverjum og einum skjólstæðing fyrir sig. Áhrif tónlistar eru skoðuð með margvíslegum aðferðum þá með söng, hljóðfæraleik, hlustun, að semja, hreyfing, tala um tónlist, greina tónlist o.fl. (Hanser, 1999, bls. 1 – 2).

Músíkþerapía varð ekki til sem starfsgrein fyrr en upp úr 1950 í kjölfar seinni heimstyrjaldarinnar. Þar hafði verið unnið með sjúklinga á sjúkrahúsi og notuð tónlist við meðhöndlun sjúklinganna. Nú eru hins vegar um 5000 starfandi músíkþerapistar í Bandaríkjunum, til dæmis á sjúkrahúsum, í skólum, á endurhæfingarstöðvum, einkareknum

stofum og stofnunum fyrir andlega veika (Davis, Gfeller og Thaut, 1999, bls. 7).

Fyrsti skólinn til þess að kenna músikþerapíu var Michigan State háskólinn í Bandaríkjunum en þeir hófu kennslu á þessari grein árið 1944 (American Music Therapy Association, e.d.).

Tæpum tíu árum eftir að starfsgreinin varð til var farið að nýta músikþerapíu í vinnu með heilalömuðum á Norðurlöndunum og upp úr 1968 fóru Norðurlöndin að vinna saman á sviði músikþerapíu. Í kjölfar þess fjölgaði músikþerapistunum smátt og smátt og starfsgreinin þróaðist með árunum (Bonde, Pedersen og Wigram, 2001, bls. 24 – 26).

Þessi starfsgrein kom þó ekki til Íslands fyrir en í kringum 1970 þegar Eyjólfur Melsted fyrsti íslenski músikþerapistinn kynnti Íslendingum hana. Eyjólfur Melsted er menntaður tónlistarmaður og álitur að gera verði greinarmun á músík og tónlist. Hann segir að músík sé eitthvað sem maðurinn lærði í móðurkviði og beri skynbragð á þegar hann komi í heiminn. Eyjólfur segir auk þess að tónlist sé listform og það þurfi að uppfylla ákveðnar kröfur til að fylgja henni. Músík er ekkert annað en leikur að tónum og hryn og hún getur verið það sama og tónlist, en þarf ekki að vera það (Sveinn Guðjónsson, 2003).

Við kjósum að nota heitið músikþerapía en Eyjólfur hefur kosið að tala um starfsheitið tónhæfing þar sem músík er beitt til endurhæfingar, eða hæfingar á nánast öllum sviðum læknisfræðinnar (Sveinn Guðjónsson, 2003).

Eyjólfur lærði í Hochschule für music und darstellende Kunst í Vínarborg. Að námi loknu kom hann heim til að vinna fyrir styrktarfélag vangefinna. Félagið hafði styrkt hann til náms og með því skilyrði að hann myndi vinna hjá þeim í þrjú ár að loknu námi (Sveinn Guðjónsson, 2003). Að því loknu tók hann að sér starf aðstoðarforstöðumanns Kópavogshælis, en árið 1983 flutti hann sig yfir í Safamýraskóla sem þá hét Þjálfunarskóli ríkisins. Þar voru aðallega þroskaheftir og fjölfatlaðir einstaklingar, Eyjólfur heillaðist af aðferðafræðinni sem var notuð þar en hún var byggð á doktorsverkefni Andreasar Fröhlich og fjallaði um kennslu og örvun fatlaðra. Hugmyndafræðin byggist á því að koma til móts við hinn fatlaða á því þroskastigi sem hann er á (Sveinn Guðjónsson, 2003).

Árið 1987 flutti Eyjólfur út til Austurríkis og hefur hann starfað þar alla tíð síðan. Hann hefur einbeitt sér að fötluðum einstaklingum og hefur þróað hljóðfæri sem hann nýtir við vinnu sína og nefnir Ómvöggu. Hann talar um að slökun sé það mikilvægasta í músikþerapíunni og leitaði hann lengi að hljóðfæri sem hægt væri liggja í, vaggja og vera hreyfður í leiðinni. Hann ræddi við marga hljóðfærasmiði og loks fann hann Caspar Harbeke en hann er hljóðfærasmiður og arkitekt. Honum tókst að útfæra hugmynd Eyjólfis og úr varð Ómvaggan. Ómvaggan er stórt hljóðfæri eins og hálfur sívalningur sem bæði er hægt að sitja

og liggja í og á hliðum hennar eru strengir sem músíkþerapistinn snertir og gefur þá til kynna í hvaða átt hann ætlar að rugga hljóðfærinu. Þetta er mjög mikilvægt fyrir mikið fatlaða einstaklinga því þeir hafa oft brenglað jafnvægisskyn þar sem það þroskast ekki eins og annarra barna (Sveinn Guðjónsson, 2003).

Sá músíkþerapisti sem hefur starfað lengst hér á landi er Valgerður Jónsdóttir, en hún hefur rekið Tónstofu Valgerðar frá árinu 1987. Á Tónstofunni er unnið með börn sem eiga erfitt með að tileinka sér hefðbundið tónlistarnám og er þetta eini tónlistarskólinn á landinu þar sem börn með sérþarfir hafa forgang. Hún hefur einnig unnið mörg ár BUGL sem er barna og unglingageðdeild Landspítalans Háskólasjúkrahúss (Tónstofa Valgerðar, e.d.).

Músíkþerapía er háskólanám sem eingöngu er kennt erlendis, það hefur orðið til þess að færri en ella hafa sótt í þessa grein og hún hefur þar af leiðandi þróast hægt hér á landi. Algengt er að fólk í lengist erlendis að námi loknu og skilar sér því ekki til starfa hér á landi (Félag íslenskra músíkþerapista, e.d.). Talið er að rétt innan við tuttugu manns hafi lokið námi í músíkþerapíu en einungis sjö eru skráðir í félag músíkþerapista á Íslandi.

Þegar sótt er um nám í músíkþerapíu þarf í sumum tilfellum að þreyta inntökupróf og í sumum tilvikum einning í viðtal og sýna þarf fram á vissa reynslu á sviði tónlistar. Í inntökuprófinu þarf að geta sungið, spilað á hljóðfæri og geta framkvæmt spuna (t.d. að semja lag á staðnum). Í viðtalinu er spurt ýmissa spurninga um hvað hafi hvatt viðkomandi til þess að læra músíkþerapíu og hvaðan hann hafi fengið innblástur og langað til að verða músíkþerapisti. Flestir svara því að þeir hafi löngun til þess að deila tónlistaráhuga sínum til þess að hjálpa öðrum en margir tala um að einhver í fjölskyldunni þeirra hafi átt erfitt og að það hafi verið kveikjan að áhuga þeirra á músíkþerapíu (Grocke og Wigram, 2007, bls. 21).

Fólk túlkar músíkþerapíu á mismunandi hátt og músíkþerapisti mótast starf sitt út frá eigin gildum, menningarlegum bakgrunni, lífsgildum, árangri og þjálfun (Davis, Gfeller og Thaut, 1999, bls. 7).

Yfirleitt notast músíkþerapistar við tónlist þegar þeir vinna með skjólstæðingum sínum. Vinna með tónlist á hvaða hátt sem það er gert getur kallað fram tilfinningar og þá þarf músíkþerapistinn að geta rætt þær við skjólstæðinga sína. Til þess að skilja skjólstæðinga sína betur þarf músíkþerapisti að nota svipaðar tækni og ráðgjafar beita. Músíkþerapistar þurfa þó ekki að læra ítarlega ráðgjöf, frekar að kunna helstu atriði ráðgjafar, t. að ná góðu sambandi við skjólstæðinga sína og halda því meðan þeir tjá sig (Grocke og Wigram, 2007, bls. 25).

Sumir músíkþerapistar velja þó að nota ekki orð og samtal eftir upplifun tónlistarinnar því þeim finnst það trufla upplifun skjólstæðingsins, til að fá tilfinningu fyrir því hvernig þerapían er að þróast, þó er munnlegur hluti músíkþerapíunar eitthvað sem þyrfti að rannsaka

betur (Grocke og Wigram, 2007, bls. 26).

Rannsóknir hafa sýnt fram á að bæði börn og fullorðnir sem þurfa endurhæfingu, til dæmis við það að læra að ganga aftur, geti nýtt sér taktfasta tónlist sem merki um það hvenær á að færa fótinn áfram. Einstaklingur sem hlustar á uppáhalds tónlist sína á meðan á endurhæfingu stendur hefur minni tilhneigingu til þess að missa úthald og getur nýtt tónlistina sem hvatningu. Endurhæfing getur reynt mikið á bæði andlega og líkamlega og því skiptir máli að sem flestar stundir séu ánægjulegar (Davis, Gfeller og Thaut, 1999, bls. 4).

Þarna sjáum við að músikþerapían getur nýttst okkur á marga vegu.

4 Frumkvöðlar í notkun tónlistar í leikskólastarfi

Ef spurt er hvar finna megi upphaf tónlistar, verður svarið að tónlist hafi verið til með manningum frá fyrstu tíð. Iðkun tónlistar var ekki munaður, heldur nytsöm og jafnvel mikilvæg. Það er t.d. næsta víst að mæður hafa sungið börn sín í svefn fyrir þúsundum ára, eins og gerist enn í dag (Headington, 1974/1987).

Hér að neðan verður fjallað um nokkra frumkvöðla á sviði þess að nota tónlist í leikskólastarfi og í lokin verður sýnd samanburðartafla þar sem stefnur frumkvöðlanna eru bornar saman við músikþerapíu.

4.1 *Maria Montessori (1870-1952)*

Maria Montessori fæddist á Ítalíu árið 1870 í bænum Chiravelle. Hún lauk námi í læknisfræði árið 1896 og var fyrsta ítalska konan til að verða læknir. Hún vann á geðdeild á háskólasjúkrahúsi Rómaborgar fyrstu árin eftir útskrift, en árið 1901 hélt hún áfram námi, að þessu sinni í uppeldisfræði, sálfræði, heimspeki og mannfræði (Signer, 2004, bls. 421).

Árið 1907 var Montessori skipuð vísindalegur forstöðumaður dagheimilisframkvæmda í Róm. Dagheimilið var fyrir börn á aldrinum 2-6 ára og kallaðist Hús Barnanna (*casa dei bambini*) en þar þróaði Montessori sína eigin uppeldisfræði (Sigsgaard, 1916, bls. 16).

Montessori byggði mest alla hugmyndafræði sína upp á einstaklingsvinnu, fyrir utan tónlistina, en hana vildi hún vinna í hópastarfi. Í tónlistarvinnu dansa börn tvö og tvö saman. Henni fannst mikilvægt að börnin fengju kerfisbundna tónlistarþjálfun í hópum, því þá gátu þau notað mismunandi hljóðgjafa. Hún sagði að heyrnarþjálfun væri mikilvæg til þess að styrkja næmni fyrir tónlist og að tónlist ætti erindi við öll börn. Ásamt samstarfskonu sinni Önnu Maríu Maccheroni þróaði hún hugmyndir að tónlistarvinnu með börnum þar sem unnið er með söng, hreyfingu, hljóðfæri og hlustun.

Montessori notaðist m.a. við bjöllur með mismunandi tónhæð sem hljóðgjafa, við gerð þeirra studdist Montessori við hugmyndir Jean M. G. Itard (1775-1838) en hann var franskur háls, nef og eyrnalæknir sem helgaði líf sitt börnum með mikla þroskahömlun. Hann var brautryðjandi námsaðferða fyrir mjög þroskaskert börn, einn nemenda hans, Edouard Séguin (1812-1880) þróaði áfram kennsluáðferðir og kennslugögn Itard. Árið 1846 kom bókinn *Traitement moral, hygiene et éducation des idiots* út í París þar sem hugmyndafræði Séguin er skilgreind, Montessori þýddi bókina á ítölsku en bókinn hefur aldrei komið út á íslensku. Hún

studdist við bók Séguin við þróun á tónlistarhlutanum í sinni hugmyndafræði.

Auk bjallna nýtti Montessori nýtti tónkvíslar með mismunandi tónhæð og tréhrstur sem á að para saman eftir blæ og mismunandi styrk. Einnig var unnið með ásláttarhljóðfæri til dæmis trommur, hljóðstafi og kastanjettur. Montessori taldi að einföld strengjahljóðfæri eins og litlar hörpur gætu verið hentug fyrir börn.

Hreyfiuppeldi í anda Montessori fer þannig fram að á gólfinu er lína eða sporöskjulagaður hringur sem börnin fara eftir, þar er hoppað, valhoppað og gengið. Einnig læra börnin dansa eins og vals og polka (Sigríður, 2006, bls. 84–89). Montessori fannst hreyfing skipta miklu máli fyrir barnið, því að á ákveðnu þroskastigi ykist hreyfipörf þess. Í stað þess að orka barnsins yrði að tilgangslausum ólátum vildi hún hjálpa barninu að nýta hana í ákveðnum tilgangi eins og í dansi, leik og æfingum. Allt ætti þó vera eins hávaðalítið og unnt er því henni þóttit kyrrðin vera mikilvæg (Signer, 2004, bls. 427).

4.2 Reggio Emilia

Hugmyndafræði Reggio Emilia leit dagsins ljós á Norður Ítalíu í lok heimsstyrjaldarinnar síðari í bænum sem hugmyndafræðin er nefnd eftir. Loris Malaguzzi (1920–1994) er einn frumkvöðla þessarar hugmyndafræði. Hann hafði þá skoðun að fullornir ættu ekki að skorast undan því að taka virka afstöðu og hafa áhrif á börn því annars yrðu þau varnarlaus gegn ofbeldi fjölmiðla og neysluhyggju. Hann fór ekki dult með þá skoðun sína að starfsmenn leikskólans ættu að hafa meðvitað og markvisst mótandi áhrif á börn. „Börn eru gullnáma, en hlutverk fullorðinna er að fá gullið til að glóa“ (*Börn hafa hundrað mál*, 1988, bls. 71).

Árið 1963 tók bærinn við rekstri leikskólans af bæjarbúum, en því höfðu bæjarbúar óskað eftir frá stofnun leikskólans. Fram að þeim tíma höfðu landslög bannað að aðrir en kirkjan fengju að reka leikskóla, Malaguzzi var gerður af yfirmanni leikskólans eða eins konar yfirmanni leikskólasviðs, þessi staða var svo lögbundin nokkrum árum síðar (Walling, 1996, bls. 11–14).

Malaguzzi sagði að börn hefðu 100 mál en þeir fullorðnu tækju 99 frá þeim. Malaguzzi orti ljóð um 100 mál barnsins, þar kemur fram að barnið neyðist til að hugsa án líkama, starfa án höfuðs og hlusta en tala ekki (Wallin, 1996, bls. 9–10).

Í mörgum leikskólum Reggio er eftirfarandi úrdráttur úr ljóði Malaguzzis settur upp á vegg:

Barn hefur hundrað mál
en frá því eru tekin níutíu og níu.
Skóli og menning
aðskilur höfuðið frá líkamanum.
Við neyðumst til að hugsa án líkama
og starfa án höfuðs.
Leikurinn og vinnan
veruleikinn og ímyndunaraflið
vísindin og hugarheimar
er gert að andstæðum
(*Börn hafa hundrað mál*, 1988).

Í Reggio er talað um kennarana þrjá, þ.e. barnið, umhverfið og kennarann (Guðrún Alda Harðardóttir, 2001, bls. 17)

Umhverfið á að vera hvetjandi og skapa innblástur fyrir barnið (Wallin, 1996, bls. 22). Í hugmyndafræði Reggio Emilia er haft til hliðsjónar að á tímum Koperníkusar urðu menn að umbylta þeirri hugsun að jörðin væri miðpunktur alheimsins, Koperníkus kom með þá kenningu að sólin væri miðpunkturinn en ekki jörðin. Talað er um þessa umbyltingu sem „Koperníkusar kollhnís“ og vill Loris Malaguzzi að hann sé hafður til hliðsjónar og að kennarar (eða skólar) séu opnir fyrir nýbreytni. Malaguzzi áleit að ekki væri hægt að flytja óbreytta hugmyndafræði frá einu samfélagi til annars, leikskólinn og samfélagið væru samofin. Það er auðveldara að aðlaga hugmyndafræðina að leikskólanum eða samfélaginu heldur en samfélagið og leikskólann að hugmyndafræðinni (Wallin, 1996, bls. 17–18).

Í Reggio er lögð mikil áhersla á liststarf og samtöl, en þar er ekki aðalmálið að börnin verði að listamönnum. Listin á að vera mótvægi við orðin og gefa börnum fleiri möguleika á túlkun og upplifunum, málið sprettur úr myndunum og myndir úr tungumálinu (Guðrún Alda Harðardóttir, 2001, bls. 19).

Mikilvægt er að skólinn og samfélagið séu tengd, það er að samfélagið hafi not fyrir virkni barnanna. Það er ekki sjálfgefið að barnið tileinki sér það sem því er kennt, það er frekar afleiðing framkvæmda og íhugana. Eitt af einkennum Reggio er að rökræða við börnin. Það eru börnin sem koma með hugmyndir af þemavinnu (Guðrún Alda, 2001, bls. 24). Ef börnin vilja vita hvernig rokkhljómsveit starfar, þá afla þau sér upplýsinga og skapa hana í sameiningu undir leiðsögn kennara.

4.3 Howard Gardner (1943-)

Gardner skapaði grundvöll til að kortleggja greind með því að skipta henni í átta flokka eða greindir. Þessar greindir eru málgreind, rök og stærðfræðigreind, rýmisgreind, líkams- og hreyfigreind, samskiptagreind, umhverfisgreind, sjálfsþekkingargreind og tónlistargreind. Tónlistargreind er hæfileiki til að skapa, skilja og tjá fjölbreytilega tónlist. Greindin felur í sér næmi fyrir laglínu, takti eða tónhæð, einnig tilbrigðum eða hljómblae tónverks. Einstaklingar geta búið yfir getu til að spila eftir eyranu, greinandi og tæknilegri kunnáttu eða hvoru tveggja (Armstrong, 2001, bls. 14).

Margir undrast að Gardner skuli tala um tónlistar-, rýmis-, líkams-, og hreyfigreind, greind en ekki sérgáfu eða meðfædda hæfileika. Gardner notar orðið greind vísvitandi yfir flokkana. Hann sagði eitt sinn í viðtali.

Ég er svolítið ögrandi af ásettu ráði. Ef ég hefði sagt að það væru til sjö gerðir af hæfileikum hefði fólk geispað og sagt: já-já. En með því að kalla þá greind er ég að segja að okkur hafi hætt til að setja eina gerðina í öndvegi og kallað hana greind, þótt það sé í raun til margar gerðir (Armstrong, 2001, bls. 15).

Það er niðurstaða Gardners að allar átta greindirnar eigi djúpar rætur í þróunarsögu mannsins. Sjá megi merki um tónlistargreind frá fornleifauppgrefti, þar sem fundust hljóðfæri og einnig með hlustun á fjölbreyttan fuglasöng, þar sem glögglega má heyra mismunandi tónblæ, tónhæð og takt (Armstrong, 2001, bls. 16).

4.4 Shinichi Suzuki (1898-1998)

Upphafismaður Suzuki var Shinichi Suzuki. Hann fæddist í Japan árið 1898 og lést á hundraðasta aldursári eða árið 1998. Suzuki lagði ekki stund á formlegt tónlistarnám sem barn heldur hlustaði á hljómplötur með sellóleikaranum Pablo Casals og fiðluleikaranum Jaques Thibauds. Suzuki hóf formlegt tónlistarnám 19 ára gamall er hann flutti til Tokyó, að nokkrum árum liðnum flutti hann sig um set til Þýskalands og lagði þar stund á nám í fiðluleik og kammertónlist. Að loknu námi flutti hann ásamt þýskri konu sinni til Japans og þar hóf hann tónlistarkennslu. (Suzukitónlistarskólinn, e.d.)

Suzuki aðferðin byggir á sömu aðferð og móðurmálskennsla. talað er við barnið og barnið lærir mál foreldra sinna. Eins er með það með tónlistarkennslu, barnið hlustar á ákveðna tónlist leikna á hljóðfæri sem barnið leikur á og lærir síðar á. Þetta á að vekja áhuga barnsins fyrir tónlistinni og hljóðfærinu. Barnið hefur foreldra sína sem fyrirmynd bæði í

móðurmálskennslunni og í tónlistarkennslunni. Þegar barnið sýnir áhuga á tónlistinni fær það hrós líkt og þegar það byrjar að mynda orð, þá hrósa foreldrnir barninu og barnið örvast við það og heldur áfram að reyna.

Það er eins með nótnalestur og annan lestur, þegar barnið hefur náð færni í því að spila á hljóðfæri er því kennt að lesa og skrifa nótur. Eins er það með tungumálið, þegar barnið hefur náð tókum á móðurmálinu er því kennt að lesa og skrifa (Suzukitónlistarskólinn, e.d.).

4.5 Carl Orff (1895-1982)

Carl Orff var þýskt tónskáld, helstu einkenni hugmyndafræði hans eru samþætting talraddar, söngs, hljóðfæraleiks, hreyfingar og spuna. Orff notaði tonika-do kerfið, sem er betur þekkt sem do-re-mi-fa-so-la-ti-do tónkerfið. Hann stofnaði skóla í samvinnu við dansarann Dorotheu Gunther til að mennta tónlistarkennara. Orff fékk tónvísindamanninn Kurt Sachs og hljóðfærasmiðinn Karl Mandler til að hanna og framleiða með sér hljóðfæri til að nýta við kennslu. Þessi hljóðfæri eru byggð á þekktum hljóðfærum en þeir útfærðu þau þannig að hljóðfærin hentuðu börnum betur. Meðal þessara hljóðfæra má sjá trommur, þríhorn, stafí, bjöllur og málmbjöllur.

Önnur hljóðfæri sem þeir útfærðu eru m.a. klukkuspil, tréspil og málmuspil í hinum ýmsu tónhæðum (sópran, alt, tenór, bassi). Orff notaði einnig svokölluð líkamshljóðfæri eins og klapp, slegið á læri, fingrasmelli og stapp í miklum mæli.

Síðari heimstyrjöldin setti strik í reikninginn fyrir Orff og félagi, en að stríðinu loknu tóku þeir þráðinn upp að nýju þegar útvarpið í München fékk Orff til að búa til þætti um tónlistaruppeldi barna.

Á árunum 1950-54 gaf Orff út kennsluheftið *Musik für kinder* í samvinnu við Gunhild Keetman fyrrverandi nemanda sinn. Þetta kennsluhefti hefur verið þýtt á mörgum tungumálum en hefur ekki komið út á íslensku (Sigríður Pálmadóttir, 2006, bls. 61–62).

Kennsluheftið var tilkomið vegna þess að Orff þótti börn móttækilegri fyrir þeirri tegund tónlistarkennslu sem hann var að koma fram með en fullorðnir.

Kanadísk og síðar Bandarísk aðlögun að verkum Orffs og Kettaman's varð til þess að hjálpa til við að dreifa kennslufræði þeirra út um allan heim (Campbell og Scott-Kassner, 1995, bls. 54).

4.6 Zoltán Kodály (1882-1967)

Kodály fæddist árið 1882 og lést árið 1967. Hann var tónskáld og talsmaður tónlistarmenntunar fyrir börn. Ef hægt er að tala um einhverja heimspeki í tengslum við Kodály og nálgun hans á tónlistarkennslu er það sú speki að tónlist sé fyrir alla.

Kodály og ungverskir samstarfsmenn hans töldu að tónlist væri ekki einungis réttur þeirra fáu hæfileikaríku heldur allra barna og að öll börn ættu rétt á að þróa með sér framkomu, hlustun og læsi á tónlist. Kodály samdi sönglög og nótnalestursæfingar og bjó til söngæfingar sem urðu til þess að börn fengu tónlistarmenntun í grunnskóla. Hann vildi almennt veg tónlistar meiri. Hann vildi að börn byrjuðu að læra tónlist strax í leikskóla því þá gætu þau uppgötvað söng og tónlist í samhengi. Þar sem söngur leiðir til þróunar tónlistarlegra sjálfstæðra einstaklinga sem geta auðveldlega skrifað og lesið nótur (Campbell og Scott-Kassner, 1995, bls. 51).

4.7 Samanburðartafla

	Megináherslur í tónlistarstarfi	Samaburður við músíkþerapíu
Maria Montessori	*Samvinna hjá börnum. *Börnin kynnu að njóta kyrðarinnar. *Börnin lærðu að hlusta á hljóð umhverfisins, svo sem fuglasöng.	*Einstaklingsmiðuð *Sköpun, sama hversu mikill hávaði verður til af henni. *Börnin hlusta á þá tónlist sem þau skapa.
Reggio Emilia	*Börnin skapi á sínum forsendum. *Börnin finni sér efnivið sem þau eru forvitin um. *Skólar eigi að vera í stöðugri þróun.	*Börnin skapa á sínum forsendum. *Börnin finna efnivið sem vekur þeirra áhuga. *Tónlistarstarfið þróist.
Howard Gardner	*Kennarar finni styrkleika hvers barns og efla þá. *Tónlist er ekki sérgáfa, heldur eitthvað sem allir geta lært.	*Kennarar finnur styrkleika hvers barns og hvetur barnið áfram. *Allir geta lært tónlist.
Shinichi Suzuki	*Börn eiga að læra tónlist eins og þau læra móðurmálið, foreldrarnir eiga að vera aðal kennararnir. *Barnið lærir það sem fyrir því er haft.	*Foreldrar eru ekki með í tímum hjá tónlistarþerapísta. *Nálgun barnsins er út frá forsendum þess.
Carl Orff	*Notast við tonika-do kerfið. *Börnin fengu að læra á hljóðfæri sem hentaði þeirra líkamsstærð.	*Tonika-do er ekki notað, þar sem músíkþerapía byggist ekki á tónlistarkennslu. *Hljóðfærin eru til í mismunandi stærðum.
Zoltán Kodály	*Tónlist er fyrir alla. *Börn byrji að læra tónlist strax í leikskóla.	*Tónlist er fyrir alla. *Börn byrji að læra tónlist strax á leikskólaaldri.

Í töflunni hér að ofan eru megináherslur frumkvöðla í leikskóla- og tónlistarstarfi barnar saman við músikþerapíu.

Sjá má að stefna Mariu Montessori er þveröfug við stefnu músikþerapíunnar. Hún vill samvinnu milli barnanna og kyrrð á meðan músikþerapían miðar við einstaklinginn og útrásina.

Það er margt líkt með áherslum Reggio Emilia og músikþerapíunnar, þar er það barnið sem ræður för á báðum stöðum auk þess að það fær að vinna við það sem því finnst spennandi.

Ef megináherslur Howards Gardner eru bornar saman við músikþerapíuna má sjá að þeim ber saman um að tónlist sé ekki sérgáfa, heldur eitthvað sem allir geti nýtt sér og að finna eigi styrkleika hvers barns til að vinna með.

Shinichi Suzuki vill að barnið læri tónlistina með foreldrum sínum en músikþerapían byggir á að unnið sé með barninu án þess að foreldrar séu viðstaddir, til að ná betur til barnsins.

Megináherslur Carl Orff eru að börn spili á hljóðfæri sem henti þeim hlutfallslega og músikþerapistar eru því sammála. Hins vegar notast Orff við tonika-do kerfið, sem músikþerapistar notast ekki við.

Þegar áherslur Zoltáns Kodály og músikþerapíunnar eru skoðaðar má sjá að þær eru keimlíkar.

5 Aðferðir og markmið músikþerapíu

Í músikþerapíu er tónlistin nýtt sem tæki til þess að hjálpa fólki til að takast á við vandamál eða bara sem tæki til tjáningar, önnur leið að nálgast hlutinn, hvort sem hann er vandamál eða ekki.

Markmið músikþerapíunnar geta meðal annars verið að bæta andlega líðan, efla vitsmunaprofka, örva tjáningu tilfinninga, auka líkamsfærni, efla einbeitingu o.fl. (Tónstofa Valgerðar, e.d.)

Aðferðirnar geta verið mismunandi eftir því hver músikþerapistinn er og hver skjólstæðingurinn er. Það eru mjög ólíkar aðferðir nýttar með hreyfihömluðum og einhverjum sem þarf að tjá tilfinningar. Músikþerapistar hafa fjölbreyttar starfsaðferðir og –vettvang, þar sem tekið er mið af einstaklingnum sem unnið er með og þeim markmiðum sem stefnt er að hverju sinni. Músikþerapía kemur ekki í stað annarar þjálfunar eða meðferðar heldur opnar hún nýjar leiðir og eykur þá möguleika sem fyrir hendi eru (Tónstofa Valgerðar, e.d.).

Hægt er að nýta tónlist til þess að vinna með börnum með sérþarfir. Þegar talað er um börn með sérþarfir er átt við þau börn sem eru með einhver frávik frá „norminu“, yfirleitt í hreyfiproska eða námsfærni (Campbell og Scott-Kassner, 1995, bls. 333).

5.1 Inngangur að viðtölum

Til þess að svara rannsóknarspurningum þótti okkur mikilvægt að ræða við fólk með reynslu og þekkingu á músikþerapíu og tónlistarkennslu á leikskóla. Viðtölin eru byggð á eigindlegum rannsóknum. Í eigindlegum rannsóknum er gengið út frá því að rannsakendur og þátttakendur byggi skilning sinn á ákveðnum forsendum sem þróast hefur í samskiptum fólks, svo sem á tungumáli, menningu, reynslu, þekkingu, færni, venjum og siðum (Sigríður Halldórsdóttir og Kristján Kristjánsson, 2003, bls. 67).

Við settum saman viðtalsramma með tíu opnum spurningum sem við prófuðum áður en við tókum viðtölin. Tekin voru viðtöl við tvo einstaklinga sem hafa mikla reynslu á sviði músikþerapíu og tónlistarkennslu, viðtölin voru tekin upp á hljóðupptökutæki.

5.1.1 Viðtal v/Jónu Þórsdóttur músikþerapista

Viðtalið við Jónu var tekið á heimili hennar í Árbænum í Reykjavík.

Jóna lauk stúdentsprófi frá Menntaskólanum í Hamrahlíð og stundaði tónlistarnám í Tónlistarskólanum í Reykjavík (þó tók hún engin lokapróf eða kennarastig). Árið 1986 hóf hún nám við Álaborgarháskóla í músikþerapíu og lauk BM prófi þaðan árið 1990. Þá var námið 4 ár án meistaragráðu en í dag er það 5 ára nám til meistaragráðu. Veturinn 1990-1991 vann hún sem músikþerapisti við Heyrnleysingjaskólann í Reykjavík. Á árunum 1991–1992 og 1997–1999 starfaði hún sjálfstætt á ýmsum stofnunum í Danmörku fyrir fatlaða og fyrir aldraða með heilabilun. Árið 1999 lauk hún svo diplómanámi í tónlistarkennslu yngri barna í Esbjerg Konservatorium.

Á árunum 1999 til 2004 kenndi Jóna tónmennt í alþjóðlegum skóla í Zambúu og kenndi þar einnig börnum með sérþarfir. Jóna flutti heim til Íslands með fjölskyldu sína árið 2004, en þá hóf hún störf á Tónstofu Valgerðar þar sem börn með sérþarfir fá tónlistarkennslu. Fyrst um sinn vann hún einnig í hlutastarfi á leikskólanum Blásölum í Kópavogi, en hennar hlutverk þar var að kynna sín störf sem músikþerapista og aðstoða starfsfólk þar við að vera virkara í tónlistarvinnu leikskólans.

Skoðun Jónínu er að markmið músikþerapista séu í raun jafn mörg og einstaklingarnir eru margir sem maður meðhöndlar. Hún segir að hægt sé að nota músikþerapíuna til þess að byggja upp sjálfstraust einstaklingsins. Þegar unnið er með heilabiluðu fólki er leitað í sönglög sem það lærði þegar það var ungt. Þannig getur trú þess á eigin getu aukist og það fundið styrk sinn. Jóna segir að gott sé að syngja gömul lög eins og „Fyrir var oft í koti kátt“ og önnur gömul lög því það hreyfir við minningunum og þá muna jafnvel skjólstæðingarnir ártöl o.fl. jafnvel fólk sem löngu hefður misst samband við umheiminn getur skyndilega farið að þykja upp ýmsann fróðleik.

Þegar unnið er með barn sem haldið er snertifælni og lokar sig inni í einhverfu sinni, er markmiðið að nálgast barnið og ná tengingu. Jóna segir að músikþerapía sé tilvalin til þess því hljóðfærin eru spennandi, þau gefa frá sér skrytín og spennandi hljóð og vekja þar af leiðandi áhuga barnsins.

Jóna vinnur til dæmis með einstakling sem hefur mál og getu en á við einhvers konar „unglingavandamál“ að stríða og er sinnulaus. Þá þarf að nálgast viðkomandi á allt öðrum forsendum, t.d. með því að finna uppáhaldstónlist hans og vekja áhuga í gegnum hana. Þegar börnum er hjálpað að læra að spila bít úr lagi uppáhaldshljómsveitarinnar, jafnvel bara viðlagið eða hryn lagsins finnst þeim það spennandi og töff.

Þegar unnið er með fólki sem á við geðræn vandamál að stríða eða þarf að losa sig við fortíðardraug er unnið með textagerð og tónlistarsköpun. Eins og sjá má fara markmiðin eftir einstaklingnum sem unnið er með.

Jóna talar um að músíkþerapistar sérhæfi sig, sem dæmi að þegar hún vinnur á vegum Tónstofunnar í Öskjuhlíðaskóla þá vinnur hún ekki með djúpstæðar sálrænar flækjur.

Músíkþerapistar nota tónlistina til að vinna að markmiðum sínum, útkoma tónlistarinnar skiptir ekki máli heldur ferlið sjálft. Það þarf að rífa sig úr tónlistaruppeldinu sem maður hefur fengið, þar sem tónlistin er markmiðið. Í músíkþerapíu er tónlistin hugsuð sem verkfæri en ekki markmið í sjálfu sér. Jóna segir að þetta sé eins og að kenna börnum fínhyringar og maður lætur þau fá pensla til að æfa einhverjar hreyfingar, t.d. að gera hringi eða bogadregnar línur. Þá er markmiðið ekki það sem gert er þá og þegar heldur það sem kemur fram löngu seinna, kannski sem skrift. Með þessari vinnu með penslana er verið að leggja grunn að því að þjálfa hendurnar.

Vegna þess hve músíkþerapistar eru fáir starfa þeir mjög mikið einir og hafa ekki teymi í kringum sig eins og margar aðrar starfstéttir hafa. Ef Jóna væri starfsmaður Öskjuhlíðarskóla í stað þess að vera starfsmaður Tónstofur Valgerðar sem hefur aðsetur í Öskjuhlíðarskóla, þá myndi hún hafa aðgang að fagfólki innan Öskjuhlíðarskóla og gæti unnið með þeim að markmiðum.

Jónu sagði að hún væri mikið ein í vinnu sinni og sagði jafnframt að músíkþerapía sé ekki viðurkennd starfsgrein á Íslandi og ráðningar innan stofnana eru svo gott sem ekki til. Þegar viðtalið var tekið voru þrír starfandi músíkþerapistar á geðheilbrigðissviði, einn fastráðinn og tveir lausráðnir. Þegar niðurskurður hófst í kjölfar efnahaghrunsins 2008 var lausráðnu fólki eins og músíkþerapistum sagt upp.

Jónu finnst músíkþerapía vel geta hentað innan leikskólans og þá hvort sem er í sérkennslu eða í annarri félagslegri mótun. Það er hægt að nýta músíkþerapíuna á marga mismunandi vegu, það hún sá það með eigin augum þegar hún starfaði á leikskólanum Blásölum.

Það er svo margt sameiginlegt í músíkþerapíunáminu og kennararnáminu. Í þessu námi er sálfræði, félagsfræði, uppeldisfræði o.þ.h. hluti af náminu. Því er aftur á móti öðruvísi farið með manneskju sem einungis hefur tónlistarmenntun því hún hefur ekki lært þessa hluti sem eru ákaflega mikilvægir í þessu starfi.

Jóna lítur ekki á tónlist sem markmið heldur sem leið í átt að félagsþroska og öðrum þroskaþáttum.

Ef nýta á músíkþerapíu í sérkennslu á leikskóla er t.d. hægt að setja saman litla hópa,

búa til prógram sem myndi henta þessum ákveðna hóp. Fjöldi barna í hópnum fer eftir þörfum og getu þeirra einstaklinga sem unnið er með. Það er gott að hafa svona hópavinnu á hverjum degi ca. 30 mín á dag. Markmiðið er að fá börnin til þess að vinna saman og efla félagsþroska þeirra, en aðferðirnar gætu verið að nýta tónlistina t.d. með því að spila lög sem þau þekkja og kunna, nota hljóðfæri því flestum börnum finnast þau spennandi. Þau æfast í því að þurfa að bíða eftir hvort öðru, skiptast á, sjálfstraust þeirra eflist með því að spila og syngja fyrir hina.

Hægt væri að búa til hrynn sem börnin gætu svo hermt eftir. Möguleikarnir eru endalausir. Sá sem hefur menntun sem leikskólakennari og músikþerapisti hefur endalaus möguleika á því að vinna að alla vega markmiðum innan leikskólans. Hvort sem það eru tónlistarmarkmið eða félagsmótunarmarkmið.

Jóna segir að sá efniviður sem músikþerapisti nýtir sér séu grunnþættir tónlistarinnar eins og laglína, púls, hrynn og bara þessi einföldu leikskólalög. Tónsvið þeirra hentar leikskólabörnum mjög vel því í þeim eru ekki stór stökk og stór tónbil. Það myndi t.d. ekki ganga upp að hafa lag með stórrí 7-und því það er of flókið tónbil fyrir leikskólabörn.

Svo er hægt að vinna markvisst með slökun og hlustun á tónlist, þá er hægt að velja fallett klassískt lag og nota til að skapa rólegt andrúmsloft þegar mikið stress er. Eins þegar verið er að mála með börnunum og skortur er á hugmyndum þá er hægt að kveikja á tónlist og leyfa þeim að mála í takt við tónlistina eða mála þann lit sem þeim finnst passa við tónlistina.

Jóna nýtir sér ekki mikið segulband, geisladiska og upptökur í vinnu sinni því henni finnst framboðið af slíkri afþreyingu vera það mikil fyrir, að henni finnst hún þurfa að koma fram með eitthvað nýtt. Og þegar hún er spurð að því hvað hún hafi sérstakt við sig þá talar hún um hljóðfærin. Hún notar mikið sönginn og börnin spila sjálf á hljóðfæri eftir áhuga og þörf. Hún talar um að vinnan með hljóðfærin séu séreinkenni músikþerapistans og hún vinnur mikið með gítarinn því að hann veiti mikla nánd. Hægt er að sitja með barnahóp og spila á gítarinn ásamt því að sinna börnunum. Hún talar um að gítarinn gefi meiri fyllingu þegar hún er að syngja, en auðvitað sé hægt að nota önnur hljóðfæri líka eins og harmonikku og hljómborð. Erfiðara er þó að nota píanóið því það er erfitt að flytja það og svo er það ekki til staðar á svo mörgum stöðum. Oft eru píanó líka staðsett í sal eða stærra rými og það eru ekki aðstæður sem músikþerapisti kys að vinna í. Músikþerapisti vinnur frekar í litlu rými þar sem möguleiki er á meiri nánd.

Öll vinna músikþerapista er háð einstaklingnum og stað og stund. Jóna er á þeirri skoðun að tónlist skipti miklu máli í uppeldi barna, því þó barn fái mat, húsaskjól og hlýju og eigi þar af leiðandi gott líf, en líf þess auðgast með tónlistaruppeldi.

Tónlist getur haft áhrif á þroskun hugsunar, málþroska, tilfinningarþroska, félagsþroska,

hreyfiproska og svo margt annað.

5.1.2 Viðtal v/Birte Harksen tónlistarkennara

Viðtal við Birte Hansen var tekið á leikskólanum Urðarhóli þar sem hún hafði boðið okkur að vera viðstaddar tónlistarstund á deild sinni. Við fyrstu sýn virtist rólegt og yfirvegað andrúmsloft í leikskólanum. Það var gott að koma þarna inn, starfsmenn og börn virtust ánægð og framkoma Birte við okkur endurspegladi svolítið andrúmsloft leikskólans, að okkur fannst.

Birte Harksen er dönsk að uppruna, hún hefur enga grunnmenntun í tónlist en hún er menntaður grunnskólakennari frá Danmörku. Í Danmörku er tónlist partur af kennaranáminu og Birte talaði um að það hefðu verið 2 ár hjá henni sem fóru í tónlistarnám.

Að loknu námi starfaði hún sem kennari í Danmörku, en flutti svo til Íslands og starfaði sem Dönskukennari í grunnskóla. Henni fannst kennslan hér ekki eins gefandi og í Danmörku og að íslenskir skólar væru líflausir miðað við dönsku skólana. Einn daginn kom Birte að sækja barnið sitt í leikskólann Stubbasel (sem er nú partur af Urðarhóli) og tók þar tali einn kennarann og fór að tala um það hversu líflaus henni fyndist kennslan vera og velti því fyrir sér hvort að það væri bara hún sem væri svona leiðinlegur kennari því hún vildi láta tónlistina gegna meira hlutverki í kennslunni eins og gert var í Danmörku. Á þessum tíma var verið að byggja nýtt og stærra húsnæði við leikskólann og kennarinn sem hún ræddi við stakk upp á því að hún myndi sækja um starf þar, þá fengi hún möguleika á því að blanda tónlist meira inn í starf sitt. Þetta gerði Birte og hefur nú starfað á Urðarhóli frá árinu 2000 þegar húsnæðið var opnað.

Aðalmarkmið hennar var að gera tónlistina sýnilegri og að bæði börn og starfsmenn hefðu gaman af, hún vill flétta tónlistina inn í allt starf leikskólans. Hún prófaði fyrst að vera bara með tónlist og ekki fastur starfsmaður inni á deild, en það hentaði henni ekki og vildi hún ná betra sambandi við barnahópinn og er því fastur starfsmaður inni á deild í dag, en fer einnig á milli deilda og er með tónlistarstundir með hinum deildunum. Birte vildi líka ná betra sambandi við samkennara sína og vinna með þeim að markmiðum í stað þess að vera ein með barnahópinn í tónlistarstarfi.

Hún hefur útbúið sér körfur sem hún safnar dóti í, eitthvað sem hægt er að tengja við lögina sem hún syngur með börnunum. Birte notar mikið sögur og syngur með börnunum út frá sögunum, þannig fær hún börnin til að vera virkir þátttakendur í sögunni og söngnum. Ef það eru ekki til lög sem henta sögunni, þá bara býr hún þau til með hjálp barnanna. Börnin spila einnig á hljóðfæri sem er þá partur af sögunni. Þannig túlka þau dýr, stemningu og annað í

sögunni.

Einn samstarfsmaður hennar á deildinni er bókmenntafræðingur og því liggur beint við að tengja saman bækur og tónlist. Hún vinnur mikið út frá þema þegar hún vinnur með deildinni sinni og þegar við litum til hennar var verið að vinna með tígrisdýrabema. Þar áður hafði verið unnið með uglubema og héngu uglur uppi í loftinu á deildinni, sem börnin höfðu útbúið. Á deildinni var risatígrisdýr á veggnum sem börnin höfðu búið til með því að klippa út ræmur og hengja á vegginn og þessar ræmur mynduðu renndur tígrisdýrsins, en í gluggunum voru grænlistaðar ræmur sem táknuðu frumskóginn. Þemað var þar af leiðandi mjög sýnilegt fyrir alla sem komu inn á deildina.

Birte finnur lög sem tengjast þemanu hverju sinni og eru það þá ekki bara með íslensk lög heldur lög alls staðar að úr heiminum. Hún vill að börnin læri lögin á viðkomandi tungumáli, en þýðir textann til þess að þau öðlist meiri skilning á því sem er að gerast og viti um hvað þau syngja. Oft breytir hún lögnum til þess að geta nýtt hreyfingu með þeim.

Við fengum að fylgjast með tónlistarstund á deildinni hjá Birte þar sem 25 börn voru saman komin og 3 kennarar. Við sáum fljótlega að eitt barnið þurfti mikla hreyfingu og átti erfitt með að sitja kyrrt og halda athygli. Þennan hálf tíma sem söngstundin stóð fékk barnið að vera frjálst og hreyfa sig og það var eins og allir væru bara vanir því og gæfu barninu rými og tækifæri til þess. Barninu var þó haldið innan ákveðins ramma með faðmlagi og snertingu í stað þess að vera alltaf að kalla nafn barnsins og segja því að sitja kyrru. Birte er á þeirri skoðun að kennarinn eigi ekki að vera hræddur um það að missa stjórnina á barnahópnum, heldur eigi kennarinn að leyfa börnunum að fá útrás en jafnframt að hjálpa þeim að koma til baka í rólegheitin. Það á t.d. við um tígrisdýrabemað. Á þeim stöðum sem tígrisdýrið á að öskra og börnin eiga erfitt með að hemja sig, þá er það kennarans að leyfa þeim að fá útrás og hjálpa þeim að róa sig niður aftur. Tónlistarstundin hófst á því að Birte var með tilkynningar. Hún rétti upp jafn marga fingur og tilkynningarnar voru margar. Ein af tilkynningunum var að segja frá því á hvaða lagi yrði byrjað. Birte er ekki mikið fyrir það að hafa hlutina of skipulagða, hún vill grípa augnablikið og þar af leiðandi tekur hún með sér körfuna sína og nýtir sér aðstoð barnanna til þess að ákveða hvað á að gera í tónlistarstundinni. Börnunum þykir mjög spennandi að sjá hvað Birte hefur með sér í körfunni og oft þegar tónlistarstundin er búin og þau sjá eitthvað í körfunni sem hún hefur ekki notað vegna þess að þau hafa eflaust komið með aðrar hugmyndir að þá vilja þau ólm fá að halda áfram með það sem er í körfunni. Þá svarar Birte því til að þau muni nota það í næsta tíma.

Birte þykir mikilvægt að tengja saman hreyfingu og tónlist og reynir yfirleitt að búa til hreyfileiki með öllum lögum sem hún er að nota. Í körfunni sinni er hún með úrklippur sem

hún kallar „Fyndin í framan“, þar eru ýmis konar augu, eyru, nef og munnar sem börnin fá að raða saman í mismunandi andlit sem tákna risa, dverga, tröll eða álfa. Lagið „Fyndin í framan“ er sungið og eitt barn í einu fær að raða saman andliti. Þennan leik hefur Birte einnig útbúið sem hreyfileik. Þar setur hún mottur mismunandi að lit á gólfið og börnin dansa við lagið og svo á ákveðnum tímapunkti í laginu þá velja börnin sér mottu og Birte kastar tening. Þetta er litateningur og segir til um það hvaða börn eigi að setjast hjá henni. Því þau börn sem standa á mottu í sama lit og kemur upp á teningnum setjast hjá Birte á meðan hin halda áfram þar til eitt barn er eftir.

Henni finnst tónlistin tilvalin til þess að fá börn til þess að vera virk í tónlistarstundinni og til þess að efla sjálfstraust þeirra. Hún talar um að gott sé að nota tónlistina til þess að tengjast barninu.

Eitt sinn var drengur á Urðarhóli sem var fjölfatlaður og gat ekki tjáð sig með orðum, hann var á deildinni hennar en fékk að fylgja henni í tónlistarstundirnar á hinum deildunum. Þegar hann hafði verið með henni í einhver skipti þá tók hann allt í einu upp á því að fara að gráta þegar lokalagið í tónlistarstundinni fór að hljóma, en Birte hefur alltaf ákveðið lag sem byrjunarlag í tónlistarstundinni og ákveðið loklag þegar hún vinnur á öðrum deildum en sinni. Þegar hún vinnur á sinni deild þá vinnur alltaf út frá þema og þá er ekki þessi regla að hafa upphafslag og loklag. Birte fannst þetta ótrúlegt því þarna var drengurinn að tjá tilfinningar sínar því honum virtist líða mjög vel í tónlistarstundum og virtist ekki vilja að þær tækju enda því hann grét bara þegar lokalagið var og tengdi það við að allt væri að verða búið. Hún hefur ekki haft tækifæri til þess að vinna sérstaklega með börnum með sérþarfir en telur þó út frá sinni reynslu að vel sé hægt að nýta tónlist í sérkennslu á leikskóla.

Birte segir að tónlist sé gleðigjafi og gott tæki til tjáningar. Hún myndi vilja hafa fleiri tækifæri til þess að vinna að textagerð með börnum út frá þeirra tilfinningum. Einn daginn teiknaði drengur mynd í leikskólanum sem var af Star Wars kalli og hann tengdi inn í tölvuleik bróður síns og leið eitthvað illa með. Hún settist niður með honum og þau bjuggu til í sameiningu texta og settu lag við. Drengnum virtist líða mun betur eftir á þá sérstaklega þegar búið var að syngja lagið nokkrum sinnum yfir. Með því að hlusta á barnið segja sögu sína og skrifa niður textann þá var drengurinn að vinna úr reynslu sinni. Það er bara svo mikið að gera á leikskólum að maður hefur ekki alltaf tækifæri til þess að grípa svona tækifæri.

Eitt sinn höfðu börnin verið að slást og rífast inni á deild og eitt barnið var farið að gráta. Birte sagðist hafa sest niður með börnunum og spjallað við þau og spurt hvort hægt væri að búa til lag um þetta. Hvað getur maður gert þegar vinur manns er grátandi og maður veit að það er manni sjálfum að kenna. Börnin svöruðu þessu og Birte skrifaði jafn óðum

niður. En það voru bara örfáar setningar sem komu út úr þessu. Það var ekki fyrr en Birte spurði hvað má maður ekki gera við vin sinn og þá virtust börnin opnast og úr varð heilmikill texti sem síðan varð að laginu „Fyrirgefðu vinur minn“. En hægt er að hlusta á þetta lag á vefsíðunni, bornogtonlist.net. Þetta lag hefur svo fengið að lifa áfram og hefur verið nýtt í starfinu sl. fimm ár. Þetta lag hefur hún heyrt börnin syngja úti um allan leikskóla og þau virðast nýta þetta lag í stað þess að segja fyrirgefðu. Þegar vinir eru farnir að syngja saman þá er ekki lengur leiðinlegt.

Hún segir líka oft við börnin þegar þau spyrja hvernig þau geti huggað vin sinn, en þá svarar hún: Þú getur kannski sungið.

Birte fékk styrk árið 2007 til þess að vinna þróunarverkefni sem heitir „Breitt og fjölbreytt tónlistarstarf í leikskólum“. Hún segir að samkvæmt nýlegum könnunum finnist leikskólakennurum á Íslandi almennt að það vanti þekkingu til að vinna að tónlistarstarfi með börnum. Tónlistarkennarar vilja gjarnan vinna meira með hljóðfæri auk þess að fá meiri fjölbreytni inn í tónlistarstarfið. Sett var á laggirnar þróunarverkefni styrkt af Þróunarsjóði leikskóla, þar sem hugmyndin var að búa til gagnabanka með tónlistarvinnu fyrir börn. Þetta er hugsað þannig að börnin verði sjálfstæðari í tónlistarstarfinu og að kennararnir fái leiðbeiningu í hljóðfæragerð með eða án barna. Þarna á að gefa kennurum kost á að tengja tónlistina meira inn í allt daglegt starf barnanna. Birte vonast til að þessi gagnabanki verði til þess að örva tónlistarkennslu innan leikskólans og að kennarar muni í framtíðinni nýta þennan banka, bæði til að sækja í og setja inn á hann efni. Hún vonast til að kennarar noti hugmyndirnar hennar til áframhaldandi þróunar á tónlistarstarfi.

Þar sem við höfum ekki niðurskrifuð markmið og aðferðir fyrir músikþerapíu með leikskólabörnum, höfum við valið að bera saman markmið og aðferðir sem einum músikþerapísta og einum leikskólakennara sem við tókum viðtöl við og þeir nota í sinni vinnu. Hér fyrir neðan taflan.

5.2 Samanburðartafla

Áherslur í starfi músikþerapista og tónlistarkennara með börnum	Músikþerapistinn Jóna	Tónlistarkennarinn Birte
Markmið	*Fara eftir einstaklingnum. *Þau eru eins mörg og einstaklingarnir sem unnið er með.	*Gera tónlistina sýnilegri. *Bæði börn og starfsmenn hafi gaman af. *Flétta tónlistina inn í allt starf leikskólans.
Aðferðir	*Sérhæfing fer eftir því hvert viðfangsefnið er og hvort um er að ræða heilbrigða eða veika einstaklinga. *Spuni. *Söngur. *Hljóðfærleikur.	*Spuni. *Söngur. *Hreyfing. *Leikur.
Efniviður	*Hljóðfæri. *Söngur, hlustun, hrynur, laglína og taktur.	*Hljóðgjafar, gljóðfæri, söngur, hlustun, hrynur, laglína og taktur.

Samkvæmt viðtölunum við músikþerapistann Jónu og tónlistarkennarann Birte, þá er ýmislegt líkt með markmiðum þeirra. Birte vill tengja tónlist við allt starf innan leikskólans og segir að með því að syngja með börnunum þegar þau eru að gera eitthvað sem þau eru búin að ákveða að verði leiðinlegt (eins og að ganga frá eftir sig) að þá verði það ekki lengur leiðinlegt. Markmið Jónu er að nýta tónlistina í öllu starfi en hún hugsar frekar út frá einstaklingnum á meðan Birte hugsar um heildina.

Aðferðir Jónu og Birte eru mjög svipaðar, þær nota svipaðar aðferðir, þó Jóna vinni meira út frá einstaklingnum og sérhæfi eftir hverjum og einum einstakling. Efniviður Jónu og Birte er sá sami fyrir utan hljóðgjafa, en þá notar Jóna sáralítið eða ekkert á meðan Birte nýtir sér þá töluvert í starfi sínu, bæði til hlustunar og í leik og starfi.

6 Aðferðir og markmið tónlistarstarfs á leikskólum

Samkvæmt aðalnámskrá leikskóla eiga öll börn að fá jöfn tækifæri til þess að njóta tónlistar og iðka hana. Aðalnámsþættir tónlistarinnar eiga að vera: söngur, hreyfing, hlustun og leikur með hljóðgjafa. Í *Aðalnámskrá leikskóla* (1999, bls. 24) segir að tónlistaruppeldi sé ætlað að stuðla að næmi barna fyrir hljóðum, hreyfingum og hrynjanda og efla frumkvæði og frjálsa skapandi tjáningu og túlkun tónlistar.

Við getum nýtt tónlist til þess að vinna með öll námssvið leikskólans, en þau eru: Hreyfing, málrækt, myndsköpun, tónlist, náttúra og umhverfi, menning og samfélag. Þessi námssvið skarast þó, þannig að þegar við erum að vinna að einu námssviði þá erum við um leið að vinna að einhverju öðru líka. Allt fléttast þetta svo inn á daglegt líf leikskólans (*Aðalnámskrá leikskóla*, 1999, bls. 19).

Aðferðir tónlistarkennslu geta verið eins margar og fjöldi kennara. Sumir kennarar vilja halda í fastar hefðir meðan aðrir leita stanslaust nýrra leiða og aðferða (Campbell, Scott-Kassner, 1995, bls. 47).

Hér á eftir verður fjallað um hvern námsþátt tónlistarinnar fyrir sig og hvaða aðferðir eru nefndar í aðalnámskrá leikskóla til að nota í tónlistarvinnu með börnum á leikskóla.

6.1 Söngur

Talað er um að það skipti miklu máli að taka eftir sjálfsprottnum söng hjá börnum eins og þegar þau söngla, hjala og syngja í leik. Það skiptir einnig máli að örva þennan sjálfsprottna söng. Gott er að hvetja börn til að syngja eða tala saman í tónum. Börn syngja oft í samskiptum sínum í leik.

Samsöngur eflir félagsþroska barnanna og þar er mjög gott að notast við spunasöng. Lagaval verður að vera fjölbreytt og henta öllum börnunum og textarnir þurfa að vera við hæfi og þroska barnanna. Það getur einnig skipt máli að hvetja börn til tónsmíða (*Aðalnámskrá leikskóla*, 1999, bls. 24).

6.1.1 Hreyfing og hrynjandi

Barninu er eðlislægt að hreyfa sig með hljóðum. Barn ruggar sér, hoppar og snýr sér í hringi. Það eru margar hreyfingar barna í leik sem koma þeim til að söngla og syngja. Talið er gott fyrir börn að hvetja þau til þess að tjá sig með hreyfingum til að túlka þau áhrif sem tónlistin hefur á þau. Hægt er að nota hreyfingu til þess að lýsa mismunandi styrk, formi, tónhæð og tónlengd þeirrar tónlistar sem barnið heyrir (*Aðalnámskrá leikskóla*, 1999, bls. 25).

6.1.2 Hljóðgjafar og hljóðfæri

Með tímanum lærir barn að skynja og greina hin ýmsu mismunandi hljóð úr umhverfi sínu. Með því að vinna með hljóðgjafa lærir barnið mismunandi styrk, tónhæð, lengd o.fl.

Barn fer að hlusta betur og vinna úr reynslu sinni í tónlist með meiri reynslu og hvatningu.

Það eru heilmörg hljóðfæri til sem hægt er að nota þegar unnið er með börnum. Það skiptir mjög miklu máli að áhugi barnanna og löngun séu til staðar og þau geti frjáls prófað sig áfram (Kodály, 1882-1967).

Saga eða ævintýri fær alveg nýja merkingu þegar hljóðfæri eru komin inn í söguna (*Aðalnámskrá leikskóla*, 1999, bls. 25). Við getum t.d. nefnt Pétur og úlfinn og Karnival dýranna sem án efa væru ekki eins ef hljóðfærin vantaði í sögurnar.

6.1.3 Hlustun

Á leikskóla er mjög mikilvægt að vekja börn til umhugsunar um hljóðin í umhverfinu. Leyfa þeim að fara í vettvangsferðir og kanna hljóðin í náttúrunni.

Börn læra að greina mynstur, hendingar og stef í tónlistinni ef þau fá nógu mörg tækifæri til þess að hlusta. Mjög mikilvægt er að börn fái að hlusta á tónlist út frá eigin forsendum (*Aðalnámskrá leikskóla*, 1999, bls. 25).

6.2 Tónlist og leikur

Í bernsku er leikurinn lífstjáning barnsins, hann er ríkjandi athöfn og mikilvægasta náms- og þroskaleið barnsins. Hinn frjálsi og sjálfsprottni leikur er hið eðlilega tjáningarform barnsins. Leikurinn er hornsteinn leikskólastarfsins og reynsla barnsins endurspeglast í honum (*Aðalnámskrá leikskóla*, 1999, bls. 11).

Tónlist og leikir eru oft samofin, börn syngja oft í leik, til eru heimildir um leiki barna á Íslandi allt aftur til 1609, en um 1754 koma fram fyrstu lýsingarnar á á prenti. Jón Ólafsson úr Grunnavík skrifaði þá bók sem var eins konar alfræðirit, en undir orðinu leikir má finna alls konar leiki sem tíðkuðust í þá tíð. Á árunum 1887–1903 komu út bækur í nokkrum bindum eftir Jón Árnason og Ólaf Davíðsson, *Íslenskar gátur, skemmtanir, vikivakar og þulur*. Þar var að finna lýsingar á margs konar leikjum bæði söngleikjum sem öðrum leikjum. Um leikinn „Horfumst í augu sem grámyglur tvær“ eru til heimildir frá 18. öld. Elstu heimildir um leikinn „Fagur er fiskurinn í sjónum“ eru frá 19 öld. Á þessu má sjá að barnasöngleikir hafa þekkt all langt aftur í tímann þótt það hafi verið fyrst á 20 öldinni sem farið var að gefa út bækur með leikjum annað hvort ætlaðar kennurum eða börnum (Una Margrét, 2009, bls. 11–19).

Foreldrar syngja með börnunum sínum og leika við þau um leið allt frá bernsku. Foreldrar kenna barni sínu að hoppa um leið og þeir fara með þulur. Þannig lærir barnið að tengja saman hreyfingur og hljóð (Allingabro, 1991, bls. 33). Leikir eins og „fagur er fiskur í sjónum“ og „svona ríður amtmaðurinn“ eru leikir sem við notum gjarnan með litlum börnum hér fara söngur og leikur saman.

Barnið gerir sér fljótlega grein fyrir því hvenær það á að bregðast við. Þegar við segjum „nú skal högg á litla lófann detta“, þá á það að kippa hendinni til sín. Eins er það með seinna lagið, þegar það kemur að „svona ríður bóndinn á bikkjunni sinni“ þá uppgötvar það fljótt að nú mun það hoppa hærra og hraðar en áður (Una Margrét Jónsdóttir, 2009).

Líkaminn er líka notaður sem hljóðfæri, við klöppum, stöppum og gerum ýmis hljóð með munninum. Um leið og börn fara að mynda augnsamband er hægt að fá þau til að herma eftir vissum athöfnum eins og að reka út úr sér tunguna og mynda ýmis hljóð. Í eðli sínu eru börn bæði skapandi og listræn. Börn mála, byggja, syngja og dansa. Þeim er eiginlegt að lifa sig inní ævintýri og sögur þar getur ímyndunaraflíð leikið lausum hala. Þau geta auðveldlega skapað listaverk með leik sínum. Þau leika af fingrum fram en ekki eftir fyrir fram skipulögðu prófgrammi. Það er leikurinn sem skiptir máli en ekki lokaniðurstaða verksins. Í list er það

ferlið sem skiptir höfuð máli en ekki lokaniðurstaðan. Þetta kalla sumir skapandi hugsun en aðrir leik (Elfa Lilja Gísladóttir, 2009, bls. 9).

Á leikskólum er oft sungið mikið með börnunum. Söngurinn er einnig notaður í leikjum, svo sem hringleikjum, orðaleikjum, klappleikjum og eltingaleikjum. Í hringleikjum má nefna „inn og út um gluggann“ og „Ein ég sit og sauma“. Orðaleikir eru t.d. „Fagur er fiskurinn í sjónum“ og „Frúin í Hamborg“. Klappleikir eru t.d. „Hver stal kökuni úr krúsinni í gær“ og að klappa t.d. nöfn barnanna í hryn. Eltingaleikir eru leikir eins og „Tína ber í skessulandi“. Til að leikir lifi kynslóða á milli þarf að kenna þá. Barn sem hefur aldrei farið t.d. í eltingaleik kann hann ekki og þannig er með alla leiki (Una Margrét Jónsdóttir, 2009).

Margar skýringar eru á því að leikir gleymast. Eftir að systkinahópurinn minnkaði almennt og tækniþróun í heiminum jókst hefur frítími barnanna farið í margt annað en útileiki. Þó skortir rannsóknir til að lýsa þeirri þróun (Una Margrét Jónsdóttir, 24. febrúar 2010).

6.3 Kassi Robert Faulkner

Á leikskólanum Stekkjarási fengum við að sjá kassa sem Robert Faulkner fyrrverandi kennari við Háskólann á Akureyri og Hólmfríður Bjartmarsdóttir bjuggu til. Okkur þótti hann mjög áhugaverður vegna þess að það er bæði hægt að nýta hann í músikþerapíu og tónlistarstarfi á leiksólum og viljum því fjalla lítillega um hann hér.

Kassinn er tilvalinn fyrir tónlistarstarf á leikskólum. Ekki þarf sérstaka grunnþekkingu í tónlist til þess að vinna með hann. Í honum eru myndir, bæði stórar og smáar. Þar eru myndir af svipbrigðum, dýrum, hreyfingum (bein strik, bylgjur o.fl.). Hægt er að nota myndirnar af svipbrigðunum m.a. til þess að fá börnin til að tjá tilfinningar sínar og upplifun á tónlist. Þar eru margar myndir sem hægt er að nota til að búa til hljóðverk með börnunum með því að sýna myndirnar eina af annarri og biðja þau um að búa til hljóðin sem þeim finnst myndirnar segja.

Kassanum fylgja kennsluleiðbeiningar þar sem allt efni er flokkað niður og sett upp eins og hugmyndabanki. Það er eins með þetta námsefni og annað í kassanum að hver og einn getur útfært það á þennan hátt sem hentar. Kennsluleiðbeiningunum er skipt niður í 9 flokka og upphafi hvers flokks er útskýrt til hvers á að nota efniviðinn. Öll spjöldin eru númeruð og hjálpar það fólki að vinna með kassann sem ekki hefur sérstaka reynslu í tónlist.

Í kennsluleiðbeiningunum er talað um 5 markmið sem höfð eru í huga þegar unnið er með kassann. Markmiðin eru eftirfarandi:

1. sem fjölbreytt áreiti til sköpunar og spuna
2. til að greina, flokka, og herma eftir ýmsum hljóðum
3. til að auka skilning á frumbáttum tónlistar s.s. hrynn, blæ, tónstyrk
4. til að þjálfna grunntækni í takti og lagi
5. sem markvissan undirbúningur fyrir hefðbundinn nótnalestur
(Robert Faulkner og Hólfríður Bjartmarsdóttir)

Það er svo margt í sambandi við tónlist sem hver sem er getur unnið með. Ekki er stefnt að því að börnin verði einhverjir tónlistarsníllingar heldur fái að kynnast fjölbreyttri tónlist og upplifa hana hvert á sínum forsendum (Michelle Sonia Horne, 10. mars 2010).

Nú munum við fjalla um leikskólana Hörðuvelli, Stekkjarás og Urðarhól og hvaða markmið og aðferðir þeir hafa í tónlistarkennslu barna. Við munum bera það saman við það sem kemur fram í aðalnámskrá leikskóla um tónlistarkennslu barna í leikskólum.

6.4 Leikskólinn Hörðuvellir

Leikskólinn Hörðuvellir er staðsettur við Tjarnarbraut 30 í Hafnarfirði. Í námsskrá Hörðuvalla er talað um að börn eigi að fá rík tækifæri til þess að njóta tónlistar og iðka hana og að hvetja eigi börn til tónlistariðkunar og hlustunar á tónlist. Helstu þættir tónlistarkennslu á leikskólanum eru þeir sömu og talað er um í aðalnámskrá leikskóla en þeir eru söngur, hreyfing, hlustun og leikur með hljóðgjafa.

Markmið tónlistarstarfs á Hörðuvöllum eru eftirfarandi.

- Að það verði barninu jafn eðlilegt að nálgast og framkvæma tónlist, eins og t.d. að setjast niður og teikna.
- Að reyna að vekja áhuga barnanna á tónlist.
- Að barnið hafi greiðan aðgang að tónlist og hljóðfærum bæði í skipulögðu starfi og í frjálsum leik.
- Að barnið þroski með sér næmi fyrir hljóðum, hreyfingu og hrynjanda.
- Að efla frumkvæði og frjálsa skapandi tjáningu og túlkun á tónlist
- Að börnin kynnist fjölbreyttri tónlist allt frá rokki til klassískra verka

(Námsskrá Hörðuvalla)

Leiðir að tónlistarstarfi á Hörðuvöllum eru eftirfarandi.

- Vikulega eru sameiginlegir söngfundir allra deilda í sal
- Börnin hafa greiðan aðgang að hljóðfærum og hljóðgjöfum
- Elstu börnin eru í kór sem kemur fram við ýmis tækifæri
- Unnið er með vísur og rím

- Leitast skal við að nýta sérþekkingu einstakra kennara á tónlist í þágu allra deilda, þegar því verður komið við.

(Námsskrá Hörðuvalla)

6.5 Leikskólinn Stekkjarás

Leikskólinn Stekkjarás er 8 deilda leikskóli sem staðsettur er í Áslandinu í Hafnarfirði. Nánar tiltekið að Ásbraut 4. Skólinn opnaði fyrst árið 2004 en þá opnuðu 4 deildar, en síðari hluti skólans var opnaður á fyrri hluta ársins 2005.

Skólinn starfar eftir sýn Reggio Emilia en í henni er lögð rík áhersla á skapandi og gagnrýna hugsun, lýðræði og það að nota uppeldisfræðilegar skráningar til að nálgast hugmyndir og tilgátur barna (Námsskrá Stekkjaráss)

Í námskrá Stekkjaráss er talað um að mikilvægt sé að börn komist í kynni við allar tegundir tónlistar. Tónlist auðgi andann, efli hlustun, málsskilning og tjáningu, auk þess að auðvelt sé að æfa fín- og gróf hreyfingar með tónlist (Námsskrá Stekkjaráss).

Leiðir þeirra að markmiðunum eru eftirfarandi. Áhersla er lögð á að bjóða upp á fjölbreytta tónlist og fara með börnin í tónlistarvettvangsferðir til þess að víkka sjóndeildarhring þeirra. Skipulagðar söngstundir eru reglulega því samsöngur eflir félagsþroska og hlustun. Með umræðum um innihald texta og ríms er verið að efla málþroska, málsskilning og þroska talfæranna. Blanda skal saman tónlist og hreyfingu til þess að efla hreyfiþroska barnanna (námskrá Stekkjarás).

6.6 Leikskólinn Urðarhóll

Heilsuleikskólinn Urðarhóll, Kópavogsbraut 19 í Kópavogi, var opnaður í núverandi mynd árið 2000, en fyrir þann tíma voru þetta leikskólarnir Skólatröð, Stubbasel og Urðarhóll. Á Urðarhól er stuðst við margar kenningar, einkum þó þróunarkenningar Erik H. Erikson og Jean Piaget. Kenning Erikson snýst aðallega um tilfinningabætti þroskaferilsins og mótun sjálfsins, en kenning Piaget aftur á móti fyrst og fremst um þróun táknbundinna hugsana og vitsmunarþroska mannsins.

Markmið Heilsuleikskólans Urðarhóls eru að auka gleði og vellíðan barnanna með áherslu á næringu, hreyfingu og listsköpun í leik (námskrá Urðarhóls). Talað er um að tónlist sé í menningu allra þjóða. Börn læra og öðlast tónlistarþroska með því að hlusta á fjölbreytta tónlist, og með því að kynna tónum, hljóðum og hreyfingu í gegnum leik og starf (Námskrá Urðarhóls). Talað er um að það sé eins með tónlist og önnur námssvið leikskólans að þau tengjast bæði í skipulagða starfið og það óskipulagða.

Á hverjum degi eru söngstundir með stórum hóp þar sem lögð er áhersla á söng, hlustun, takt og tengsl á milli hreyfingar og tónlistar. Þar er kennd fjölbreytt tónlist og m.a. sungin lög og farið með þulur og texta sem tengjast því þema sem í gangi eru hverju sinni. Á Urðarhól er einnig unnið markvisst með hlustun, ýmis grunnhugtök í tónlist og kynningu á hljóðfærum í litlum aldursskiptum hópum. Í frjálsum leik fá börnin tækifæri til þess að hlusta á sögur og tónlist af geisladiskum en einnig hafa þau aðgang að hljóðfærum og hljóðgjöfum í daglegu starfi (Námskrá Urðarhóls)

6.7 Samanburðartafla

Samanturður	Markmið	Aðferðir
Aðalnámsskrá Hörðuvellir	<p>*Að það verði barninu jafn eðlilegt að nálgast og framkvæma tónlist, eins og t.d. að setjast niður og teikna.</p> <p>*Vekja áhuga barnanna á tónlist.</p> <p>*Að barnið hafi greiðan aðgang að tónlist og hljóðfærum, bæði í skipulögðu starfi og í frjálsum leik.</p> <p>*Að barnið þroski með sér næmi fyrir hljóðum, hreyfingu og hrynjanda.</p> <p>*Að efla frumkvæði og frjálsa skapandi tjáningu og túlkun á tónlist.</p> <p>*Að börnin kynnist fjölbreyttri tónlist.</p>	<p>*Vikulega eru sameiginlegir söngfundir allra deilda á sal.</p> <p>*Börnin hafa greiðan aðgang að hljóðfærum og hljóðgjöfum.</p> <p>*Elstu börnin eru í kór sem kemur fram við ýmis tækifæri.</p> <p>*Unnið er með vísur og rím.</p> <p>*Leitast skal við að nýta sérþekkingu einstakra kennara á tónlist í þágu allra deilda, þegar því verður komið við.</p>
Aðalnámsskrá Stekkjarás	<p>*Mikilvægt sé að börn komist í kynni við allar tegundir tónlistar.</p> <p>*Tónlist auðgi andann, eflir hlustun, málsskilning og tjáningu, auk þess að auðvelt sé að æfa fín- og gróf hreyfingar með tónlist.</p>	<p>*Áhersla er lögð á að bjóða upp á fjölbreytta tónlist og fara með börnin í tónlistarvettvangsferðir til þess að víkka sjóndeildarhring þeirra.</p> <p>*Skipulagðar söngstundir eru reglulega því samsöngur eflir félagsþroska og hlustun.</p> <p>*Með umræðum um innihald texta og ríms er verið að efla málþroska, málsskilning og þroska talfæranna.</p> <p>*Blanda skal saman tónlist og hreyfingu til þess að efla hreyfiþroska barnanna.</p>
Aðalnámsskrá Urðarhóll	<p>*Að auka gleði og vellíðan barnanna með áherslu á næringu, hreyfingu og listsköpun í leik.</p>	<p>*Dag hvern eru söngstundir með stórum hóp þar sem lögð er áhersla á söng, hlustun, takt og tengsl á milli hreyfingar og tónlistar.</p> <p>*Kennd er fjölbreytt tónlist og m.a. sungin lög og farið með þulur og texta sem tengjast því þema sem í gangi er hverju sinni.</p> <p>*Einnig er unnið markvisst með hlustun, ýmis grunnhugtök í tónlist og kynningu á hljóðfærum í litlum aldursskiptum hópum.</p> <p>*Í frjálsum leik fá börnin tækifæri til þess að hlusta á sögur og tónlist af geisladiskum en einnig hafa þau aðgang að hljóðfærum og hljóðgjöfum.</p>
Aðalnámsskrá Leikskóla		<p>*Í tónlistaruppeldi leikskóla á að stuðla að því að barn þroski með sér næmi fyrir hljóðum, hreyfingu og hrynjandi, frumkvæði og frjálsa, skapandi tjáningu og túlkun á tónlist.</p>

Samkvæmt markmiðum Hörðuvalla, Stekkjaráss og aðalnámskrár leikskóla er stefnt að því að öll börn fái að njóta fjölbreyttrar tónlistar bæði í frjálsum leik og í skipulögðu starfi.

Öll börn eigi að fá tækifæri til þess að kynnst hljóðfærum og hljóðgjöfum.

Á Hörðuvöllum og Stekkjarási er talað um að flétta tónlistina inn í aðra námsþætti leikskólans. Á Urðarhóli er ekki fjallað sérstaklega um tónlist, en þó er talað um að auka eigi gleði og vellíðan barnanna með áherslu á næringu, hreyfingu og listsköpun í leik. Aðferðir allra leikskólanna innihalda söngstundir og að unnið sé með texta og vísur.

Á Urðarhóli og á Hörðuvöllum er talað um að nýta hljóðfæri og hljóðgjafa en ekkert er talað um það hjá Stekkjarás og í aðalnámskrá leikskóla. Samkvæmt námskrám Urðarhóls, Stekkjaráss og aðalnámskrá leikskóla skal nýta þá aðferð að blanda saman tónlist og hreyfingu, það kemur hins vegar ekkert fram um hreyfingu og tónlist í aðferðum Hörðuvalla þó það komi fram í markmiðum þeirra.

7. Umræður

Þó svo að músikþerapían hafi ekki orðið til sem starfsgrein fyrr en í kringum 1950 í kjölfar seinni heimstyrjaldarinnar þá hefur hún í raun verið til frá ómunatíð, líkt og sjá má ef rit *Biblíunnar* eru skoðuð. Það sem kom okkur aðallega á óvart var að þessi hugmyndafræði skyldi vera þetta gömul. Við furðum okkur einnig á því hvers vegna músikþerapía er aðallega notuð með fötluðum einstaklingum, því okkar skoðun er sú að hún geti allt eins nýst ófötluðum og ekki síst börnum til þess að efla þau allan hátt.

Músikþerapían kemur hingað til lands um það bil 20 árum síðar en t.d. í Bandaríkjunum en þróaðist mjög hratt og talaði Eyjólfur (fyrsti íslenski músikþerapistinn) um það að við hefðum verið langt á undan námslandi hans Austurríki í starfsaðferðum.

Nám í músikþerapíu hefur þó aldrei verið í boði á Íslandi og því þarf fólk að fara erlendis í nám. Samkvæmt viðtali við Jónu músikþerapisti í kafla 5.1. þá segir „Það er svo margt sameiginlegt í músikþerapíunáminu og kennaranáminu. Í þessu námi er sálfræði, félagsfræði, uppeldisfræði o.þ.h. hluti af náminu“. Samkvæmt því er þegar verið að kenna hluta af fögum músikþerapíunnar í íslenskum háskólum og því þykir okkur skrytið að nám í músikþerapíu skuli aldrei hafa verið í boði hér.

Af framangreindu þykir okkur skjóta skökku við að músikþerapía skuli ekki vera viðurkennd starfsgrein á Íslandi og ekki skuli vera fleiri störf fyrir músikþerapista hér á landi. Við veltum því fyrir okkur hvort ástæðan geti verið sú að starfsgreinin hefur ekki verið viðurkennd innan heilbrigðisgeirans? Margir íslenskir músikþerapistar vinna eða hafa unnið á Tónstofu Valgerðar en hún er skráð sem tónlistarskóli. Tónstofa Valgerðar er í eigu Valgerðar Jónsdóttur, en hún hefur lengstan starfsaldur sem músikþerapisti á Íslandi.

Okkur þykir áhugavert hve margt er sameiginlegt með hugmyndum frumkvöðla í leikskólastarfi og tónlistarstarfi. Kannski er það vegna þess að eins og kemur fram í kafla 6 um aðferðir og markmið tónlistarstarfs á leikskólum að þá getum við nýtt tónlist til þess að vinna með öll námssvið leikskólans. Leikskólastarf og tónlistarstarf fléttast saman og eins og fram kemur í kafla 4.4. um Suzuki er fjallað um það hvernig Suzuki tengdi móðurmáls- og tónlistarkennslu saman.

Eitt af því sem okkur þætti spennandi að skoða betur er það hvers vegna Maria Montessori vildi vinna alla námsþætti í einstaklingskennslu fyrir utan tónlistina sem hún vildi vinna í hópkenndu.

Þrátt fyrir að hugmyndafræði Montessori og Reggio komi báðar frá Ítalíu þá þær gjörólíkar. Montessori byggir aðallega á einstaklingsvinnu þar sem lausnin felst í efniviðnum og vill hafa hlutina fastmótaða á meðan Malaguzzi (upphafsmaður Reggio) vill hafa frelsi, að börnin uppgötvi hlutina sjálf og að ekkert svar sé réttara en annað (Malaguzzi, 1920-1994). Skoðanir allra eru jafnrétt háar. Malaguzzi byggir á því að nýta óhefðbundinn efnivið og sköpunarmátt barnsins.

Ef við ættum að bera þessar stefnur saman þá þykir okkur þær jafn ólíkar og að bera saman svart og hvítt.

Þegar við fórum að skoða greindir Garners þá komumst við að þeirri niðurstöðu að leikskólar vinni mest með málgreindina þó einnig sé komið inn á hinar greindirnar. Eins og fram kemur í kafla 4.3. um Gardner þá felur tónlistargreindin í sér næmi fyrir laglínu, takti og tónhæð, þessir þættir koma einmitt fram í markmiðum leikskólans Hörðuvalla og aðalanámskrá leikskóla í samanburðartöflu 2 í kafla 7.2.

Orff og Montessori voru sammála um það að hljóðfæri fyrir börn ættu að vera lítil og í samræmi við stærð barnanna. Þá vildu þau meina að börnin réðu frekar við hljóðfærin. Við teljum þó að það sé ekki endilega gott að hafa hljóðfærin smá, ekki geti verið gott að spila á mjög lítinn sílófón því auðveldara er að hitta á stórar nótur en litlar. Orff var á þeirri skoðun að börn væru móttækilegri fyrir kennsluáðferðum hans en fullorðnir en við teljum að svo sé með flesta hluti. Ungur nemur, gamall temur! Kodály er á sama máli og Orff, hann vill að börn hefji tónlistarnám í leikskóla. Því fyrr sem börn byrji að læra þeim mun sjálfstæðari verða þau í tónlist sinni. Hann vildi að tónlist væri fyrir alla, en ekki bara fáa útvalda. Við erum sammála Kodály að því leyti að börn eigi að fá að kynnast tónlist sem fyrst á lífsleiðinni. Við teljum að það geri börnum gott og efli hina ýmsu þroskaþætti eins og fram kemur í kafla 6. um aðferðir og markmið tónlistarstarfs í leikskólum.

Aðferðir og markmið músikþerapíu byggja á þeim einstaklingi sem unnið er með. En í tónlistarkennslu í leikskóla er meira unnið út frá hópastarfi. Músikþerapistar starfa mikið einir eins og staðan er í dag, á meðan tónlistarkennarar vinna með öllu starfsfólki leikskólans. Þetta gæti verið áhugavert að skoða í því samhengi hvort hægt væri að vinna músikþerapíu innan leikskólans í samstarfi við annað starfsfólk leikskólans.

Jóna músikþerapisti talar um það í viðtalinu að ef músikþerapisti væri að vinna á leikskóla með t.d. félagsþroska að þá myndi hún byggja markmið og aðferðir á litlum hópum. Hún myndi þó velja í hópana af kostgæfni til þess að sem mestur árangur myndi nást og að hvert barn nyti sín sem best.

Því er oft þannig farið í tónlistarkennslu á leikskólum að lögð er áhersla á

niðurstöðuna, eins og þegar börn eru í kór leikskólans þá er yfirleitt ætlast til þess að kórinn komi fram við ýmis tækifæri og sýni foreldrum hvað þau hafi verið að vinna með. Í músikþerapíunni er það ferlið sem skiptir öllu máli, árangurinn er jú mjög mikilvægur eins og að ná einhverfu barni út úr skel sinni, en þar er ekki ætlast til þess að barnið komi fram á tónleikum eða slíkum athöfnum.

Árangurinn í tónlistarkennslu á leikskólum og í músikþerapíu mælist á ólíkan hátt. Í músikþerapíu fá börn að vera frjálssari við meðhöndlun hljóðfæranna en í leikskólanum eru fastari reglur. Það sem kom okkur á óvart að þó að áherslur músikþerapíu og tónlistarkennslu á leikskólum séu mismunandi að þá eru aðferðirnar og efniviðurinn mjög svipaður.

Á mörgum leikskólum er sú stefna að allir eigi að vera vinir, við erum þeirrar skoðunar að við erum jafn misjöfn og við erum mörg og það geti ekki allir verið vinir. Við pössum misvel saman, samt sem áður getum við getum við kennt börnum að sýna öllum virðingu og kurteisi. Okkur þætti spennandi að vinna með þessa þætti út frá músikþerapíu og tónlistarkennslu.

Eftir að hafa kynnt okkur leik barna þá erum við á þeirri skoðun að leikurinn skipti miklu á námi barna en það kemur einnig fram í aðalnámskrá leikskóla. Við teljum að starfsmenn leikskóla þurfi að vera opnir fyrir mikilvægi leiksins og sjá hann sem mikilvægan námsþátt barna. Við komumst að því að engar rannsóknir eru til um leik barna og þætti okkur það spennandi rannsóknarefni að skoða hvernig leikurinn hefur þróast í gegnum aldirnar.

Áhugavert væri að prófa að setja gamla tónlistarleiki inn í tónlistarstarf leikskólans og sjáum við það einnig að músikþerapisti gæti nýtt sér það innan leikskólans t.d. til þess að efla félagsþroska hjá börnum.

Okkur þykir spennandi að skoða þróunarverkefni Birte sem fjallað er um í kafla 6.7 þ.e. heimasíðu hennar <http://www.bornogtonlist.net> og nýta hana sem hugmyndabanka eins og hún sjálf hefur hugsað sér, en hægt væri að fara lengra með þetta og tengja þetta músikþerapíunni og mynda starfshóp sem myndi ferðast á milli leikskóla og vera með kynningu og efla þannig tónlistarstarf á leikskólum. Gott væri að leggja áherslu á það að ekki er nauðsynlegt að vera með tónlistarmenntun til þess að vera með tónlistarstund í leikskólum.

Tónlistarkassinn sem við fjöllum um í kafla 6.2. er góður efniviður bæði til að vinna með músikþerapíu og við tónlistarkennslu í leikskólum. Honum fylgja ítarlegar leiðbeiningar þannig að hver sem er ætti að geta unnið með hann.

8 Niðurstöður

Hver eru markmið og aðferðir í músikþerapíu og tónlistarkennslu á leikskólum?
Eru þau að einhverju leyti samræmanleg?

Eftir að hafa kynnt okkur markmið og aðferðir músikþerapíu og tónlistarkennslu í leikskólum þá höfum við komist að þeirri niðurstöðu að markmið músikþerapíu og tónlistarkennslu séu ólík að því leyti að í músikþerapíu er aðallega unnið út frá einstaklingnum (þó stundum sé unnið í litlum hópum) og áherslan lögð ferlið (vinnan sem á sér stað en ekki niðurstaðan). Í tónlistarkennslunni er aftur á móti unnið út frá hópavinnu og markmiðin þau að gera tónlistina sýnilegri á leikskólanum og að börnin fái að njóta fjölbreyttrar tónlistar.

Aðferðirnar og efniviðurinn er þó nánast sá sami. Í báðum tilvikum er unnið með söng, hljóðfæri og spuna, hryn, takt og laglínu. Margt er líkt með námi í músikþerapíu og námi í leikskólakennarafræði. Þar eru fög eins og sálfræði, félagsfræði, uppeldisfræði o.þ.h.

Út frá þessu er auðvelt að sjá að þessar starfsgreinar samræmast að mörgu leyti. Þó gerðum við einungis athugun á einum músikþerapísta og einum tónlistarkennara þannig að niðurstaðan er ekki tæmandi. Við sjáum fyrir okkur að hægt væri að skoða þetta enn dýpra en það er efni í stærra og viðameira verkefni.

9 Lokaorð

Tilgangur þessa verkefnis var að skoða markmið og aðferðir músikþerapíu og markmið og aðferðir tónlistarstarfs í leikskólum og velta því upp hvort þetta samræmist að einhverju leyti.

Hafist var handa við að afla heimilda, en það var ekki svo auðvelt því ekki er um auðugan garð að gresja þegar leitað er að heimildum fyrir músikþerapíu. Við vorum svo heppnar að fá músikþerapísta til að aðstoða okkur með leiðsögn á verkefninu og varð það til þess að okkur áskotnaðist heimildir sem við höfðum ekki fundið á bókasöfnunum hér á landi. Til að fá meiri innsýn í tónlistaruppeldi barna þá ákváðum við að skoða nokkra frumkvöðla og þótti okkur best að skoða bæði leikskólafrumkvöðla og tónlistarfrumkvöðla.

Það var margt ólíkt með þessum frumkvöðlum en þó voru þeir allir sammála um nauðsyn tónlist væri mikilvægur þáttur í uppeldi barna. Leikurinn er einnig mikilvæg leið í tónlistaruppeldi barna og þótti okkur því ástæða til þess að skoða leikinn nánar. Leikurinn hefur verið með okkur frá örófi alda, en þó tekið talsverðum breytingum í gegnum árin.

Ákveðið var að skoða heimasíður leikskólanna Hörðuvalla, Stekkjaráss og Urðarhóls og bera þá saman við aðalnámskrá leikskóla. Þó getum við ekki vitað hvort allt standist sem stendur á heimasíðum leikskólanna um tónlistarstarf, því við fórum einungis í heimsókn á leikskólann Urðarhól.

Tekin voru viðtöl við músikþerapistann Jónu Þórsdóttur og tónlistarkennarann Birte Harksen með það að leiðarljósi að skoða markmið þeirra og aðferðir og bera saman þannig að við gætum gert okkur betur grein fyrir hvort að músikþerapía væri eitthvað sem hægt væri að nýta inni á leikskólanum. Komumst við að þeirri niðurstöðu að mjög margt er sameiginlegt með þessum starfsgreinum og teljum við að músikþerapía myndi nýtast vel í starfi leikskólans.

Það sem við getum helst gagnrýnt er að músikþerapía skuli ekki vera viðurkennd starfsgrein á Íslandi og þ.a.l. ekki kennd hér á landi. Afleiðingar þessa eru þær að starfsgreinin er lítið þekkt hér á landi og fá störf og einhæf í boði fyrir músikþerapísta.

Okkur þykir músikþerapía mjög spennandi valkostur og ef nám í músikþerapíu væri í boði hér á landi gætum við gert ráð fyrir því að fleiri einstaklingar myndu skila sér í starfsstéttina og eflaust yrðu til fleiri störf innan geirans.

Heimildaskrá

- Aðalnámskrá leikskóla.* (1999). Reykjavík: Menntamálaráðuneytið.
- American Music Therapy Association, sótt 14. mars 2010 af
<http://www.musictherapy.org/faqs.html>
- Armstrong, T. (2001). *Fjölgreindir.* (Erla Kristjánsdóttir þýddi). Reykjavík: JPV útgáfa
(upphaflega gefin út 2000)
- Biblían.* (1957). Reykjavík: Oddi.
- Bonde, L. O., Pedersen, I. N. og Wigram, T. (2001). *Musikterapi: når ord ikke slår til.*
Århus: Bogbindreri, Randes.
- Börn hafa hundrað mál.* (1988). (Aðalsteinn Davíðsson þýddi). Reykjavík:
Menntamálaráðuneytið.
- Campbell, P. S og Scott-Kassner, C. (1995). *Music in childhood.* New York: Simon &
Schuster Macmillan
- Denise, G. og Tony, W. (2007). *Receptive methods in Music therapy.* London: Athenaem
Press.
- Elfa Lilja Gísladóttir. (2009). *Hring eftir hring.* Reykjavík: Höfundur
- Félag músikþerapista á Íslandi. Sótt 15. mars 2010 af http://www.fismus.org/saga_isl.html
- Hanser, S. B. (1999). *The new music therapists handbook.* Boston: Berklee press.
- Headington Christopher. (1987). *Saga vestrænnar tónlistar.* (Jón Ásgeirsson þýddi). Ísafold,
útgáfustaður óuppgefinn (upphaflega gefin út 1974).
- Jóhanna Thorsteinson. (1995). *Eins og regnbogi meistarans: Tónlist í leikskólum í anda*
Edgard Willems. Reykjavík: Höfundur
- Mcpherson, G. E. (2006). *The child as musician.* New York: Oxford University press
- Námskrá Hörðuvallar sótt 30. mars 2010 af
<http://www.leikskolinn.is/horduvellir/skjalasafn/horduvellir54.pdf>
- Námskrá Stekkjaráss sótt 30. mars 2010 af
<http://www.leikskolinn.is/stekkjara/skjalasafn/stekkjara38.pdf>
- Námskrá Urðarhóls sótt 30. mars 2010 af
http://urdarholl.kopavogur.is/files/global/pdf/namsskra_20juni_202001.pdf
- Perla. (e.d.). *Tónlistarmeðferð - Tónræn myndleiðsla.* Sótt 20. febrúar 2010
af <http://www.musiktherapia.com>
- Robert Faulkner og Hólmfríður Bjartmarsdóttir. (1994). Tónlistarkassi. Húsavík: Örk.

- Signert, K. (2004). Pedagogikkens mange ansiter, Pedagogisk inderhistore fra antikken til det postmoderne. Í K. Steinholt og L. Lövie (ritstj.), *Maria montessori: Lakeren som blev pedagog* (bls. 421-435). Oslo: Universitetsforlaget.
- Sigríður Haldórsdóttir, Kristján Kristjánsson. (ritstj.). (2003). Handbók í aðferðafræði og rannsóknnum í heilbrigðisvísindum. Akureyri: Háskólinn á Akureyri.
- Sigríður Pálmadóttir. (1990) *Tónlist í leikskóla, skýsla um þróunarverkefni*. Reykjavík: Fósturskóli Íslands.
- Sigríður Pálmadóttir. (2006). *Börn og tónlist –hver er músíkalskur*. Reykjavík: Höfundur
- Sigsgaard, J. (1966). *Fröbel og Montessori* (4. útgáfa). Kaupmannahöfn: Munksgaard.
- Suzukitónlistarskólinn í Reykjavík. Sótt 28.mars 2010 af
<http://www.suzukitonlist.is/user/cat/show/14/41>
- Sveinn Guðjónsson. (2003, 22. ágúst). Íslenskt hugvit: Ómvaggan hans Eyjólfss.
Morgunblaðið, baksíða.
- Tónstofan Valgerðar. sótt 24. mars 2010 af
<http://www.tonstofan.is/tonstofan.is/Fr%C3%A6%C3%B0sluefni.html>
- Una Margrét Jónsdóttir. (2009). *Allir í leik. Söngvaleikir barna*. Reykjavík: Æskan.
- Wallin. K (2003) *Pedagogiska kullerbyttor*. Stokholm: HLS Förlag
- Þróunarsjóður leikskóla 2008-2009. Sótt 17. mars 2010 af
<http://rannsokn.khi.is/upplýsingavefur/leikskolar07.htm>